

# MINNISBLAÐ

**Viðtakandi: Velferðarnefnd Alþingis.**

**Sendandi: Félags- og húsnæðismálaráðherra.**

**Dags.: 4. mars 2016.**

**Efni: Umsagnir til Alþingis um frumvarp til laga um húsnæðisbætur.**

## **Almennt.**

Með tölvupósti, dags. 25. janúar sl., óskaði velferðarnefnd Alþingis m.a. eftir minnisblaði frá velferðarráðuneytinu um afstöðu þess til helstu athugasemda í umsögnum sem borist hafa nefndinni vegna frumvarps til laga um húsnæðisbætur. Hér á eftir verður gerð grein fyrir efni umsagna um frumvarpið og afstöðu ráðuneytisins til þeirra athugasemda sem þar koma fram, þegar við á.

## **Alþýðusamband Íslands.**

Úr umsögn:

„Alþýðusambandið styður framgangs málsins og væntir þess að Alþingi afgreiði það tafarlaust.“

## **Búseti á Norðurlandi.**

Hugtakið „húsnæðisbætur“.

Úr umsögn:

„Rætt hefur verið um mikilvægi þess að sameina og samræma þau kerfi sem notuð eru þannig að mismunandi búsetuformum sé síður mismunað. Hugtakið „húsnæðisbætur“ hefur í opinberum gögnum verið notað fyrir „almennt og samræmt kerfi húsnæðisstuðnings“ opinberra aðila. Með vísan til þessa sem að ofan greinir er afar óheppilegt að taka út úr hóp sem kallaður er „efnaminni leigjendur“ og skilgreina „húsnæðisbætur“ einungis fyrir hann. Rökrétt virðist að leggja fremur áherslu á að staðið verði við áformin um sameinað og eitt kerfi - um húsnæðisstuðning hins opinbera við einstaklinga og fjölskyldur. Þangað til það kemst í gang ætti að vera viðráðanlegt að reka kerfi „sérstakra húsaleigubóta“ við hlið hinna kerfanna.“

- ⇒ Frumvarpið er fyrsta skref í átt að samræmingu vaxta- og húsaleigubóta en að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir að vaxta- og húsaleigubætur verði sameinaðar í eitt kerfi húsnæðisbóta. Enn standa þó vonir til að svo verði og því var farin sú leið að kalla þann húsnæðisstuðning sem er til umfjöllunar í frumvarpinu „húsnæðisbætur“ sem er jafnframt í samræmi við tillögur þeirra fjölskipuðu nefnda, þ.e. vinnuhóps um húsnæðisbætur sem skilaði skýrslu árið 2012 og verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála sem skilaði skýrslu árið 2014, sem fjallað hafa um málið.
- ⇒ Áfram er gert ráð fyrir að sveitarfélögum verði heimilt að veita leigjendum frekari húsnæðisstuðning, sbr. 2. tölul. 32. gr. frumvarpsins, sem hefur hingað til verið veittur í formi sérstakra húsaleigubóta.

## **Félagsbústaðir.**

Úr umsögn:

„Að nokkru leyti hefur verið tekið tillit til athugasemda umsagnaraðila frá fyrri útgáfu frumvarpsins en þær vörðuðu:

- greiðslu húsnæðisbóta beint til leigusala.“

- ⇒ Er hér vísað til þess að í 4. mgr. 21. gr. frumvarpsins er nú mælt fyrir um heimild framkvæmdaraðila til að greiða húsnæðisbætur til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda.

## 11. gr. frv. Undanþága frá skilyrðum um íbúðarhúsnæði verði rýmkuð.

Úr umsögn:

„Í ljósi þess neyðarástands sem ríkir á leigumarkaði í Reykjavík leggur umsagnaraðili til að í þessari grein verði einnig skilgreint sambýli þeirra sem rétt eiga á sérstökum húsaleigubótum frá sveitarfélagi. Slíkt myndi gera kleift að reka sambýli fyrir ótengda einstaklinga, t.a.m. í einbýlishúsum, þar sem

nokkrir aðilar samnýta eldhús og baðherbergi. Húsnæðisbætur einstaklinga í slíku sambýli væru ekki háðar tekjum og eignum meðleigjenda. Gerð væri krafa um sérstakan samning milli þeirra einstaklinga sem leigðu saman á slíkan hátt sem skilgreindi rétt þeirra, skyldur og ábyrgð.“


⇒ Sjá sérstakt minnisblað um þetta efni.

18. gr. frv. Áhrif eigna á grunnfjárhæðir húsnæðisbóta. Merking greinarinnar óljós.

Úr umsögn:

„Merking greinarinnar er óljós í huga umsagnaraðila. Ekki er ljóst um hvaða hlutfall bætur skerðast ef samanlagðar eignir heimilismanna eru yfir viðmiðunarmörkum. Aðeins að skerðing hefst þegar eignir eru hærri en skerðingarmörk og falla alveg niður ef eignir eru 60% hærri en skerðingarmörk.“

- ⇒ Í frumvarpinu er lagt til að eignir (hrein/nettóeign, þ.e. eignir að frádrögnum skuldum) hafi sömu áhrif til lækkunar og þær hafa innan vaxtabótakerfisins og er miðað við þau eignamörk sem eiga við um hjón og sambúðarfólk innan þess kerfis en mismunandi eignamörk gilda í vaxtabótakerfinu eftir því hvort um er að ræða einhleypan einstakling, einstætt foreldri eða hjón/sambúðarfólk.
- ⇒ Til samanburðar má nefna að í vaxtabótakerfinu gilda þau eignamörk um *einhleypinga og einstæða foreldra* að vaxtabætur skerðast ef hrein eign fer yfir 4 m.kr. og eru vaxtabætur fallnar niður að fullu þegar hrein eign nemur 6,4 m.kr. Um *hjón og sambúðarfólk* gilda þau eignamörk í vaxtabótakerfinu að bæturnar taka að skerðast ef hrein eign fer yfir 6,5 m.kr. og eru að fullu niður fallnar þegar hrein eign nemur 10,4 m.kr. eða hærri fjárhæð.
- ⇒ Á eftirfarandi mynd má sjá dæmi um hvernig eignir hafa áhrif til skerðingar á húsnæðisbótum. Myndin byggir á dæmi um barnlaus hjón sem hafa samtals 8 m.kr. í árstekjur með hreina eign á bilinu 6,5 m.kr. til 10,4 m.kr. Húsnæðisbætur skerðast ekki sé samanlögð hrein eign heimilismanna 18 ára og eldri undir 6,5 m.kr. Þannig byrja húsnæðisbætur að skerðast ef hrein eign nemur 6,5 m.kr. eða hærri fjárhæð og eru að fullu niður fallnar við 10,4 m.kr. Sé hrein eign á bilinu 6,5-10,4 m.kr. skerðast húsnæðisbætur í réttu hlutfalli við fjárhæð hreinnar eignar innan þeirra marka.



Skerðing vegna hreinnar eignar að fjárhæð 9 m.kr. væri t.d. reiknuð á eftirfarandi hátt:

Árstekjur	8.000.000		
Skerðing vegna tekna 8,04%	382.704	*	$\frac{9.000.000 - 6.500.000}{10.400.000 - 6.500.000} = 64,1\%$ af 63.696 kr.
<b>Húsnæðisbætur eftir skerðingu tekna</b>	63.696		<b>=&gt; 40.831 kr.</b>
Skerðing vegna eigna (64,1%)	40.831		
<b>Húsnæðisbætur alls</b>	<b>22.865</b>		

## **Hafnarfjarðarbær.**

Úr umsögn:

„Fjölskylduráð Hafnarfjarðar styður í aðalatriðum umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarp um húsnæðisbætur.“

### Hugtakið „húsnæðisbætur“.

Úr umsögn:

„Á það er bent að betur færi að nota hugtakið húsnæðisstuðningur fremur en húsnæðisbætur þegar fjallað er um stuðning vegna húsnæðiskostnaðar. Hugtakið stuðningur fremur en bætur er meira lýsandi og jákvæðara og nær betur að lýsa því úrræði sem um ræðir.“

⇒ Hugtakið „húsnæðisstuðningur“ er almennt notað um greiðslur hins opinbera til lækkunar á húsnæðiskostnaði landsmanna, óháð því um hvaða búsetuform er að ræða, þ.e. eignar-, leigu- eða búsetuíbúðir. Því er það mat ráðuneytisins að ekki sé heppilegt að nota hugtakið í frumvarpinu um húsnæðisstuðning til leigjenda eingöngu.

Í samræmi við tillögur þeirra fjölskipuðu nefnda sem fjallað hafa um málið var því lagt til að kalla húsnæðisstuðning þann sem til umfjöllunar er í frumvarpinu „húsnæðisbætur“ enda þótt ekki sé gert ráð fyrir að vaxta- og húsaleigubætur verði sameinadar í eitt kerfi húsnæðisbóta að svo stöddu þar sem enn standa vonir til að svo verði í framtíðinni. Frumvarpið er þannig fyrsta skref í átt að samræmingu húsnæðisstuðnings hins opinbera til ólíkra búsetuforma.

### 5. gr. frv. Framkvæmdaraðili ekki tilgreindur.

Úr umsögn:

„Í frumvarpinu kemur ekki fram hver verður framkvæmdaraðili húsnæðisbóta. Verður að telja eðlilegt að ríkisskattstjóri verði framkvæmdaraðili þar sem afgreiðsla vaxtabóta er hjá þeirri stofnun. Mikilvægt er að húsnæðisbætur og vaxtabætur séu á sömu hendi en lagt var upp með að samræmi væri í stuðningi milli eigenda húsnæðis og leigjenda. Auk þess er bent á að æskilegt er að vaxtabætur séu greiddar út mánaðarlega eins og húsnæðisbætur.“

⇒ Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði framkvæmdaraðili laga um húsnæðisbætur, verði frumvarpið að lögum en félags- og húsnæðismálaráðherra hefur farið þess á leit við Vinnumálastofnun að framkvæmd húsnæðisbóta hjá stofnuninni verði staðsett á landsbyggðinni.

⇒ Það er mat ráðuneytisins að Vinnumálastofnun geti nýtt þá reynslu sem stofnunin hefur fengið við útgreiðslu atvinnuleysisbóta sem og greiðslur í fæðingarorlofi en stofnunin annast umsýslu bæði Fæðingarorlofsjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þar hefur stofnunin reynslu af því að taka við umsóknum og greiða mánaðarlega út greiðslur til fjölmargra einstaklinga á grundvelli umsóknanna innan þessara tveggja kerfa. Enn fremur hefur stofnunin reynslu af því að hluti starfsemi hennar er staðsettur utan höfuðborgarsvæðisins.

⇒ Í mörgum athugasemdum sem bárust Alþingi var ríkisskattstjóri nefndur sem framkvæmdaraðili en ljóst er að sú stofnun hefur ekki reynslu af því að greiða mánaðarlega út bætur sem byggjast á umsóknum viðkomandi en ekki eingöngu samkeyrslu við fyrirliggjandi skattagögn.

⇒ Að því er reglugerðarheimildina varðar er rétt að taka fram að samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof er gert ráð fyrir að ráðherra geti tekið ákvörðun um hvaða stjórnvald annist umsýslu Fæðingarorlofsjóðs og hið sama er að segja um Atvinnuleysistryggingarsjóð samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Telji velferðarnefnd rétt að tilgreina framkvæmdaraðila í frumvarpinu mætti hugsanlega gera breytingu á 5. gr. frumvarpsins og taka mið af ákvæðum framangreindra laga með eftirfarandi hætti:

Í stað 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun annast framkvæmd húsnæðisbóta samkvæmt lögum þessum. Ráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag.

### 9. gr. frv. Skilyrði fyrir veitingu húsnæðisbóta.

Úr umsögn:

„Í c. lið 9. gr. frumvarpsins kemur fram að skilyrði húsnæðisbóta sé að um sé að ræða íbúðarhúsnæði sem felur í sér venjulega og fullnægjandi heimilisástöðu, sérsnyrtingu og baðaðstöðu. Hér er lagt til

að einstaklingar sem leigja húsnæði með öðrum þar sem nokkrir aðilar samnýta eldhús og baðherbergi fá undanþágu frá þessu skilyrði.“

⇒ Sjá sérstakt minnisblað um þetta atriði.

#### 10. gr. frv. Húsnæðisbætur til beggja foreldra.

Úr umsögn:

„Í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins segir að búi foreldrar eða forsjáraðilar barns ekki saman skal barnið teljast búsett á lögheimili sínu sem og í íbúðarhúsnæði þess foreldris eða forsjáraðila sem það á ekki lögheimili hjá enda dvelji barnið hjá foreldrinu eða forsjáraðilanum í að lágmarki 30 daga á ári. Telst barnið þá sem heimilismaður hjá báðum foreldrum sínum eða forsjáraðilum til 18 ára aldurs. Fjölskylduráð Hafnarfjarðar er sammála þessari nálgun og fagnar þessu nýmæli.“

#### 32. gr. frv. Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga.

Úr umsögn:

„Í 2. tl. 32. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að við hana bætist ný málsgrein þar sem fram kemur að sveitarfélögum sé heimilt að veita stuðning vegna húsnæðiskostnaðar í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur. Mjög mikilvægt er að samræmi ríki milli sveitarfélaga hvað sérstakan húsnæðisstuðning varðar. Í Hafnarfirði hafa verið greiddar sérstakar húsaleigubætur til margra ára. Sú er ekki raunin í öllum sveitarfélögum. Bent er á að eins og framkvæmdin er í dag þá eru mörg sveitarfélög með þau skilyrði þegar kemur að veitingu sérstakra húsaleigubóta að viðkomandi þarf að hafa búið í sveitarfélaginu í tilgreindan tíma til að fá greiddar sérstakar húsaleigubætur. Er sá tími allt upp í 3 ár sem viðkomandi þarf að hafa átt lögheimili til að öðlast þennan rétt. Mikilvægt er að samræmi ríki milli sveitarfélaga hvað það varðar að slík skilyrði séu ekki fyrir hendi. Ekki hefur verið rætt til hlítar hvernig sérstakar húsaleigubætur verða útfærðar eftir að frumvarpið um húsnæðisbætur verður að lögum. Sú umræða þarf að fara fram.“

⇒ Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að lagðar verði til breytingar á fyrirkomulagi sérstaks húsnæðisstuðnings sveitarfélaga. Samræmdar reglur um sérstakar húsaleigubætur eru ekki fyrir hendi hjá sveitarfélögunum í dag frekar en um aðra fjárhagsaðstoð sem sveitarfélögin veita íbúum sínum. Í dag greiða 26 sveitarfélög sérstakar húsaleigubætur og verður ekki annað séð en þau haldi áfram að starfa eftir þeim reglum sem þau hafa sett sér og munu setja sér í nánustu framtíð.

⇒ Í ljósi þess að unnið er að endurskoðun á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, er jafnframt lagt til að starfshópur um endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga taki til skoðunar hvernig fyrirkomulagi sérstaks húsnæðisstuðnings skuli háttað samkvæmt endurskoðuðum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sjá þó einnig athugasemdir í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

#### 31. gr. frv. Gildistaka.

Úr umsögn:

„Ef umrætt frumvarp verður að lögum leggur fjölskylduráð Hafnarfjarðar áherslu á að um viðmiklar breytingar er að ræða og gefa þarf aðlögunartíma til að koma þeim til framkvæmda. Ekki er raunhæft að breytingamar komi til framkvæmda fyrr en í byrjun árs 2017 og sveitarfélagið geti tekið tillit til þeirra við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2017.“

⇒ Miða verður gildistöku við það hvenær frumvarpið verður samþykkt sem lög frá Alþingi. Gera verður ráð fyrir að framkvæmdaraðili þurfi a.m.k. þrjá til sex mánuði til að undirbúa framkvæmdina eftir að lögin hafa verið samþykkt. Verði frumvarpið að lögum mun það ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög.

## Húnaþing vestra.

Úr umsögn:

„Bygðarráð Húnaþings vestra telur mikilvægt hugað sé betur að þeim ungmennum sem sækja framhaldsskólanám fjarri heimabyggð:

- að ungmenni á framhaldsskóla aldri sem ekki fá pláss á heimavist framhaldsskóla og geta sýnt fram á staðfestingu þess efnis, fái húsaleigubætur fyrir leigu á herbergi á almennum markaði.
- að skerpa megi á orðalagi d liðar 10. greinar laganna þannig að börn á aldrinum 15 - 17 ára sem stunda nám við framhaldsskóla og dvelja á heimavist framhaldsskóla fái húsaleigubætur á sama hátt og þeir sem eldri eru.“

⇒ Hvað varðar athugasemd um leigu herbergja er vísað til sérstaks minnisblaðs þar um.

⇒ Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einungis þeir sem hafa náð 18 ára aldri geti átt rétt til húsnæðisbóta. Að því er varðar börn sem ekki hafa náð 18 ára aldri og leigja herbergi á heimavist þar sem þau stunda nám við framhaldsskóla er gert ráð fyrir að þau teljist til heimilismanna á heimili foreldra eða forsjáradila sinna, sbr. 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

- Er þar komið til móts við aðstæður barna sem vegna náms þurfa að dveljast fjarri lögheimili sínu og fjölskyldu í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að börn yngri en 18 ára geti átt sjálfstæðan rétt til húsnæðisbóta. Ástæða þess er að skv. 1. gr. lögræðis laga nr. 71/1997, verða menn lögráða 18 ára en í því felst að þeir verða sjálfráða og fjárráða. Þannig eru börn yngri en 18 ára ekki fjárráða og því getur ekki talist eðlilegt að þeim séu greiddar húsnæðisbætur. Þykir það því ekki samræmast ákvæðum annarra laga að börn njóti réttar til húsnæðisbóta.
- Jafnframt ber að líta til þess að börn eru á framfæri foreldra sinna eða forsjáradila til 18 ára aldurs, sbr. 1. mgr. 61. gr. barnalaga. Í ljósi framfærsluskyldu foreldra eða forsjáradila með börnum sínum fram til 18 ára aldurs þykir því eðlilegra að húsnæðisstuðningur vegna barnanna renni til þeirra sem hafa þau á framfæri sínu enda þótt börnin séu ekki í reynd búsett allt árið á því heimili, eða eftir atvikum heimilum, búi foreldrar þeirra eða forsjáradilar ekki saman.
- Þegar börnin hafa náð 18 ára aldri geta þau átt sjálfstæðan rétt til húsnæðisbóta, sbr. a-lið 10. gr. frumvarpsins.
- Er það álit ráðuneytisins að samræmi verði að vera á milli laga að þessu leyti.
- Í þessu sambandi verður jafnframt að hafa í huga að nemendur sem stunda nám á framhaldsskólastigi fjarri lögheimili og fjölskyldu geta átt rétt til jöfnunarstyrks (dreifbýlisstyrks) í allt að fjögur ár eða átta annir á grundvelli reglugerðar nr. 692/2003, um námsstyrki, með síðari breytingum. Jöfnunarstyrkur getur verið í formi dvalarstyrks, styrks til skólaaksturs og styrks vegna efnalitilla nemenda. Greiði nemandi húsaleigu á meðan hann stundar nám á framhaldsskólastigi fjarri lögheimili og fjölskyldu á hann rétt á dvalarstyrk, sbr. 5. gr. reglugerðar um námsstyrki, en hann felur í sér húsnæðisstyrk auk ferðastyrks til og frá námsstað við upphaf og lok námsannar og fæðisstyrks. Samkvæmt reglugerðinni ákveður námsstyrkjanefnd fjárhæð fulls dvalarstyrks með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði á fjárlögum ár hvert og fjölda umsókna. Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, sem annast alla umsýslu og nauðsynlega framkvæmd fyrir nefndina, nam fullur dvalarstyrkur 145.000 kr. á önn námsárið 2015–2016 eða samtals 290.000 kr. fyrir námsárið í heild.

## Íbúðalánasjóður.

5. gr. frv. Framkvæmdaraðili.

Úr umsögn:

„Íbúðalánasjóður gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Hins vegar vill sjóðurinn benda á að hann er reiðubúinn til þess að taka sér hlutverk framkvæmdaraðila skv. 5. gr. frumvarpsins.“

⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um framkvæmdaraðila (bls. 3).

## **Ísafjarðarbær.**

Úr umsögn:

„Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Nefndin gerir það að tillögu sinni að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2017 enda hafa sveitarfélög ekki gert ráð fyrir þeim kostnaðarauka í fjárhagsáætlunum fyrir árið 2016 sem lögin fela í sér.

Jafnframt má gera ráð fyrir að kostnaðarauki sveitarfélaga þar sem meðaltekjur eru lágar og eignamyndun minni, verði hlutfallslega meiri en þar sem meðaltekjur eru hærri og eignamyndun meiri.“

- ⇒ Ekki verður séð að sveitarfélög verði fyrir kostnaðarauka verði frumvarp til laga um húsnæðisbætur að lögum. Frumvarpið mun hafa þau áhrif að útgjöld sveitarfélaga vegna almennra húsaleigubóta falla niður en þau nema nú 1.530 m.kr. á ári. Á móti þessari útgjaldalækkun er gert ráð fyrir því að árleg útgjöld sveitarfélaga hækki um a.m.k. 800 m.kr. vegna sérstaks húsnæðisstuðnings enda lagt til grundvallar að greiðsluþátttaka ríkisins vegna sérstaks húsnæðisstuðnings falli niður samhliða því að ríkið taki alfarið yfir greiðslu kostnaðar vegna almenns húsnæðisstuðnings við leigjendur. Samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélagafékk Ísafjarðarbær framlög úr sjóðnum sem nema rúmlega 29 m.kr. vegna greiðslu almennra húsaleigubóta og 1,4 m.kr. vegna sérstakra húsaleigubóta á árinu 2014. Framlöggin nema 60–68% af heildarfjárhæð húsaleigubóta sem sveitarfélagið greiddi á árinu. Þannig má áætla að samtals hafi verið greiddar 42,8 m.kr. í almennar húsaleigubætur á Ísafirði en þar af greiddi sveitarfélagið 13,7 m.kr. Enn fremur voru greiddar 2,3 m.kr. í sérstakar húsaleigubætur og nam hluti sveitarfélagsins 900.000 kr. Má því áætla að kostnaður Ísafjarðarbæjar vegna húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta hafi verið samtals 14,6 m.kr. á árinu 2014 en yrði 2,3 m.kr. í nýju kerfi vegna sérstaks húsnæðisstuðnings.
- ⇒ Um gildistöku frumvarpsins vísast að öðru leyti til umfjöllunar á bls. 4.

## **Kennarasamband Íslands.**

### 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. frv. Skilgreining á námi.

Úr umsögn:

„Kanna þarf hvort þessi skilgreining samrýmist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þeim tilskipunum sem Íslandi ber að innleiða.“

- ⇒ Í frumvarpinu er með námi átt við samfelld nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í að minnsta kosti sex mánuði. Enn fremur er átt við nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms, sbr. 6. tölul. 3. gr. frumvarpsins.
- ⇒ Í frumvarpinu er fjallað um greiðslu húsnæðisstuðnings vegna húsnæðis sem er á Íslandi en þær bætur falla ekki undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og þótti því ekki ástæða til að kanna sérstaklega samræmi við Evrópureglur í því sambandi.
- ⇒ Við samningu skilgreiningarinnar var tekið mið af því hvernig hugtakið er skilgreint í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysisstryggingar, með síðari breytingum, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og er þannig gætt ákvedins samræmis í innlendum lögum að þessu leyti.

### 8. gr. frv. Réttur „samleigjenda“.

Úr umsögn:

„Vísad er til umsagnar Leigjandaadstoðar Neytandasamtakanna sem hún gerði við 10. gr. frumvarps til laga um húsnæðismál sem lagt var fram á 144. þingi - mál 788 varðandi athugasemdir við 8. gr. Eðlilegt verður að telja að séu leigjendur að sama íbúðarhúsnæði með aðskilinn fjárhag (séu þeir t.d. ekki samskattaðir) þá geti þeir fengið hlutfallaðar húsnæðisbætur sem greiðast til hvers fyrir sig.“

„Eðlilegt er að fleiri en einn aðili sé leigjandi og þar með aðili að leigusamningi um viðkomandi húsnæði t.d. þegar margir leigja saman íbúðarhúsnæði til búsetu. Mikilvægt er því að fleiri en einn

aðili geti sótt um hlutfall af húsnæðisbótum og að hægt sé að skipta greiðslu bótanna til allra heimilismanna enda er algengt að fólk sé með aðskilinn fjárhag þótt það leigi saman. Þá vísast til framangreindar umsagnar Leigjendaaðstoðar Neytendasamtakanna um 11. gr. frumvarps til laga um húsnæðismál sem lagt var fram á 144. þingi - mál 788.“

⇒ Sjá sérstakt minnisblað um þetta efni.

#### c-liður 2. og 3. mgr. 9. gr. frv. Kröfur sem íbúðarhúsnæði verður að uppfylla.

Úr umsögn:

„Mikilvægt er að kannað sé hvort slá megi af þeim kröfum sem settar eru fram um sér eldhús og baðaðstöðu. Vitað er að margir tekjulágir einstaklingar búa við bágar aðstæður á húsnæðismarkaði, leigi einstaklingsherbergi eða húsnæði þar sem eldhús og/eða snyrting er sameiginleg með öðrum. Verður að telja að það séu einmitt þessir einstaklingar sem hafa ekki efni á að leigja annarskonar húsnæði sem hafi þörf á húsnæðisbótum og því samræmist það anda laganna að þeir geti notið slíkra bóta. Þá myndi það stuðla að því að fleiri leigusamningum yrði þinglýst, auðveldara yrði að hafa eftirlit með slíkri leigu, réttarstaða þessara leigutaka myndi batna og líkur á að leigutekjunum yrði skotið undan skatti yrðu minni þar sem auðveldara yrði að hafa eftirlit með leigutekjunum.“

⇒ Sjá sérstakt minnisblað um þetta efni.

#### a-liður 3. mgr. 9. gr. frv. Heimilismaður á tveimur stöðum.

Úr umsögn:

„Þennan lið mætti skilja á þann veg að ef umsækjandi eða annar heimilismaður telst þegar til heimilis í öðru húsnæði þá verði ekki veittar húsnæðisbætur vegna neins heimilismanns, sbr. þó 3. mgr. 10. gr. Ætla má að tilgangurinn sé að við útreikning húsnæðisbóta skuli ekki taka tillit til þeirra (taka þá með í útreikninginn) sem þegar eru til heimilis í öðru húsnæði, sbr. þó 3. mgr. 10. gr. Því er mikilvægt að breyta orðalagi svo ákvæðið verði ekki misskilið.“

⇒ Í a-lið 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins kemur fram að húsnæðisbætur verði ekki veittar teljist umsækjandi eða aðrir heimilismenn þegar til heimilismanna í öðru íbúðarhúsnæði, sbr. þó 3. mgr. 10. gr., samkvæmt samþykktri umsókn um húsnæðisbætur.

⇒ Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu er reglan skýrð nánar:

„Um leið og leitast er við að einfalda kerfið og reynt er að mæta fjölbreytilegum aðstæðum fólks þarf að *tryggja að sami einstaklingurinn verði ekki tvítalinn innan kerfisins, annars vegar á lögheimili sínu og hins vegar þar sem hann hefur tímabundið aðsetur*. Áhersla er því lögð á að teljist einstaklingur til heimilismanns í íbúðarhúsnæði á grundvelli samþykktar umsóknar um húsnæðisbætur geti hann ekki *samtímis* talist til heimilismanna í öðru íbúðarhúsnæði. Þó er í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins mælt fyrir um sérreglu vegna barna þegar foreldrar þeirra eða forsjáraðilar búa ekki saman. Er því jafnframt lagt til að kveðið verði á um að húsnæðisbætur verði ekki veittar teljist umsækjandi um húsnæðisbætur eða aðrir heimilismenn hans til heimilismanna í öðru íbúðarhúsnæði á sama tíma samkvæmt samþykktri umsókn um húsnæðisbætur að undanskilinni framangreindri sérreglu.“

⇒ Er þannig gert ráð fyrir að húsnæðisbætur verði ekki veittar teljist einn heimilismanna búsettur í öðru húsnæði samkvæmt samþykktri umsókn um húsnæðisbætur. Verður viðkomandi heimilismaður þá að breyta því hvar hann er skráður til heimilis samkvæmt opinberri skráningu en mikilvægt er að umsóknir um húsnæðisbætur séu í samræmi við raunadstæður fólks. Verður þá viðkomandi gert viðvart um að leiðrétt skráninguna enda áhersla lögð á að fólk hafi lögheimili, eða eftir atvikum tímabundið aðsetur, þar sem það sannanlega býr. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdaráðili einfaldlega láti hjá líða að taka viðkomandi með við útreikning húsnæðisbóta þar sem hann sé þegar talinn sem heimilismaður á öðru heimili.

#### 10. gr. frv. Húsnæðisbætur til barna yngri en 18 ára.

Úr umsögn:

„Mikilvægt er að foreldri/forstjórmaður geti sótt um bætur fyrir hönd barns yngra en 18 ára sem hefur tímabundið aðsetur á heimavist eða námsgörðum. Eðlilegt er að bæturnar greiðist til þess

foreldris/forsjarmanns sem greiðir kostnað vegna heimavistar eða námsgarða. Verulegur auka kostnaður er við heimavist/námsgarða t.d. fyrir foreldra/forsjarmenn barna sem búa úti á landi og geta ekki notið framhaldsskólanáms nálægt heimili sínu. Órökrétt er að mismuna eftir aldri í þessum efnum.“

⇒ Sjá umfjöllun um greiðslu húsnæðisbóta til barna yngri en 18 ára hér að framan (bls. 5).

#### 11. gr. frv. Undanþága frá skilyrðum um íbúðarhúsnæði rýmkuð.

Úr umsögn:

„Kanna þarf hvort réttlætjanlegt sé að ganga lengra og heimila bætur í þeim tilvikum þar sem um er að ræða herbergi með sameiginlegri aðstöðu.“

⇒ Sjá sérstakt minnisblað um þetta efni.

#### **Landssamband íslenskra námsmanna.**

#### 11. gr. frv. Undanþága frá skilyrðum um íbúðarhúsnæði rýmkuð.

Úr umsögn:

„Staðan er sú að einungis lítill hluti háskólanema getur nýtt sér þau úrræði sem í fyrrnefndum c- lið. 11. gr. frumvarpsins eru kölluð „sambýli námsmanna á heimavistum eða námsgörðum sem tengjast viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis á Íslandi.“ Því deila margir námsmenn húsnæði á almennum leigumarkaði af illri nauðsyn. Vegna félagslegra aðstæðna námsmanna og vegna þess að ekki er nægilegt framboð af húsnæði á stúdentagörðum er nauðsynlegt að undanþága c-liðar. 11. gr. frumvarpsins einskorðist ekki við heimavistir eða námsgarða.“ Sjá einnig: „Samtökin leggja því til eftirfarandi viðbót við frumvarpið til þess að jafnræði sé tryggt:

11. gr.

Undanþága frá skilyrðum um íbúðarhúsnæði

c. sambýli námsmanna á heimavistum eða námsgörðum sem tengjast viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis á Íslandi.

d. sambýli námsmanna í leiguhúsnæði á almennum markaði enda liggi fyrir þinglýstur leigusamningur um húsnæðið og staðfesting á skólavist.“

*Umsögn stúdentafélags Háskólans í Reykjavík er samhljóða framangreindri umsögn.*

⇒ Sjá sérstakt minnisblað um þetta efni.

#### **Mannréttindaskrifstofa Íslands.**

Úr umsögn:

#### Tryggt verði að húsnæðisbótakerfið skili raunverulegri kjarabót fyrir leigjendur.

„Þrátt fyrir að t.d. tekjulágir einstæðir foreldrar hafi fengið hærri húsaleigubætur en aðrir í núverandi kerfi hafa þær þó ekki nægt til þess að koma í veg fyrir að allt of stórt hlutfall launa þeirra sem og annarra hinna efnaminnstu og tekjulægstu fari í húsaleigu. Tryggja verður að hið nýja húsnæðisbótakerfi skili raunverulegri kjarabót fyrir alla leigjendur og ekki síst fyrir framangreindan hóp.“

⇒ Velferðarráðuneytið er að vinna að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við framangreinda athugasemd.

#### Atvinnuhúsnæði sem hefur verið innréttað sem íbúðarhúsnæði.

„MRSÍ bendir enn fremur á að talsvert er um að innflytjendur búi í húsnæði sem skráð er sem atvinnuhúsnæði en hefur verið innréttað eða breytt í íbúðarhúsnæði. Stór hluti þeirra vinnur láglaunastörf og hefur ekki efni á, og oft jafnvel ekki aðgang að öðru húsnæði. Samkvæmt frumvarpinu verður þeim sem búa í atvinnuhúsnæði ekki mögulegt að fá húsnæðisbætur og óttast MRSÍ að ákvæði þetta muni einkum koma niður á tekjulágum innflytjendum.“



- ⇒ Hafi atvinnhúsnæði verið breytt í íbúðarhúsnæði með lögmætum hætti og teljist það íbúðarhúsnæði samkvæmt opinberri skráningu er ekkert því til fyrirstöðu að leigjendur geti notið réttar til húsnæðisbóta.
- ⇒ Sé atvinnuhúsnæði hins vegar leigt út til íbúðar er ekki gert ráð fyrir að réttur til húsnæðisbóta sé til staðar en ekki er um nýmæli að ræða.
- ⇒ Reglan um að réttur til húsaleigubóta sé ekki til staðar þegar um er að ræða húsnæði sem ætlað er til annarra nota en íbúðar en er leigt til íbúðar að öllu leyti eða hluta hefur verið í lögum um húsaleigubætur allt frá því að fyrstu lög þess efnis tóku gildi árið 1994.
- ⇒ Markmiðið með þessum takmörkunum var og er að gæta að ákveðnum lágmarksgæðum á íbúðarhúsnæði fólks hér á landi og þá ekki síst að því er varðar hollustuhætti og öryggisþætti, s.s. brunavarna. Þykir því ekki viðeigandi að fólk sem býr ekki í viðurkenndu íbúðarhúsnæði fái greiddar húsnæðisbætur.

### **Landssamtökin Þroskahjálp.**

Umsögnin er almenn og lýtur ekki að tilteknum atriðum í frumvarpi til laga um húsnæðisbætur.

### **Leigjendaaðstoðin.**

#### 8. gr. frv. Mánaðarlegar greiðslur húsnæðisbóta.

Úr umsögn:

„Það fyrirkomulag er algengt hér á landi, sem og annars staðar, að aðilar leigi margir saman íbúðarhúsnæði til búsetu. Þannig má ímynda sér fjóra einstaklinga sem leigja saman húsnæði og greiða hver um sig 25% leigufjárhæðar mánaðarlega. Samkvæmt nügildandi fyrirkomulagi og því fyrirkomulagi sem felst í frumvarpinu fá aðilar einfaldar húsaleigubætur og þurfa að skipta þeim á milli sín. Það er í sjálfu sér eðlilegt, en Leigjendaaðstoðin hefði viljað sjá breytingar á þessu fyrirkomulagi hvað varðar útgreiðslu húsaleigubóta til þessara aðila. Þannig væri farsælast að allir þessir aðilar geti sótt um húsaleigubætur og fengið hver um sig 25% af þeim bótum greiddar. Leigjendaaðstoðin hefur séð dæmi þess að sá aðili sem fær til sín þessar bætur skili þeim ekki til meðleigjenda sinna og ördugt getur verið að knýja fram greiðslu þeirra og til þess að koma í veg fyrir slíkt væri farsælast að allir aðilar að viðkomandi húsaleigusamning geti sótt um húsaleigubætur, hver fyrir sig. Slíkt fyrirkomulag er sanngjarnt og eðlilegt gagnvart öllum aðilum leigusamnings og kemur í veg fyrir margvísleg vandamál sem getur fylgt nügildandi fyrirkomulagi. Jafnframt mundi það leiða til þess að allir meðleigjendur sæktu um húsnæðisbætur, og hver þeirra væri þá metinn út frá sínum tekjum og aðstæðum.“

- ⇒ Sjá sérstakt minnisblaðs um þetta efni.

#### 11. gr. frv. Undanþága frá skilyrðum um íbúðarhúsnæði rýmkuð.

Úr umsögn:

„Það hefur lengi verið gagnrýnt af hálfu Leigjendaaðstoðarinnar hvernig skilyrði laga um húsaleigubætur hafa komið í veg fyrir að þeir sem leigja herbergi til búsetu hljóti slíkar bætur. Leigjendaaðstoðin harmar að þetta sé ekki tekið til endurskoðunar nú, með frumvarpi til laga um húsnæðisbætur. Svokölluð „herbergjaleiga“ hefur aukist mikið á undanförmum árum og eru margir sem nýta sér þann kost, enda e.t.v. um að ræða einstaklinga sem búa einir og hafa einfaldlega ekki efni á að leigja íbúð. Leiguverð á slíkum herbergjum getur verið mismunandi en oft er um verulegar fjárhæðir að ræða. Samkvæmt markaðskonunum Neytendasamtakanna sem gerð var í september 2014 var meðalleiguverð pr. fermetra herbergja á höfuðborgasvæðinu 4.211 kr. og þar með mun herra en á öðru leiguhúsnæði auk þess sem það hafði hækkað um 60% á þremur og hálfu ári. Af þeim sökum er vandséð hvaða rök hniga til þess að undanskilja slíka leigjendur rétti til húsnæðisbóta, auk þess sem telja verður þessa reglu í ósamræmi við markmið laganna, þ.e. að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda. Rétt er að taka það fram að eðli málsins samkvæmt yrðu þær húsnæðisbætur sem um ræðir hér lægri en almennar húsnæðisbætur, enda almennt ódýrara að leigja herbergi en íbúð. Þó má benda á að nemendur við viðurkenndar menntastofnanir sem leigja íbúðir á nemendagörðum eru í mörgum tilfellum að greiða samskonar fjárhæðir og þeir sem leigja herbergi. Þessir aðilar fá þó fullar húsaleigubætur á meðan leigjendur herbergja fá engar.“

⇒ Sjá sérstakt minnisblað um þetta efni.

### **Persónuvernd.**

#### Ákvæði frumvarpsins um samþykki fyrir upplýsingaöflun.

Úr umsögn:

„Eins og fyrr greinir segir í 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins að umsækjandi um húsnæðisbætur og aðrir heimilismenn yfir 18 ára aldri skuli veita samþykki fyrir tiltekinni upplýsingaöflun. Svo að um samþykki teljist vera að ræða þarf yfirlýsingu um það að hafa verið veitt af fúsum og frjálsum vilja. Hér er hins vegar um að ræða yfirlýsingu sem skylt yrði að gefa til að njóta lögbundinna réttinda. Persónuvernd telur ekki heppilegt að kalla slíka yfirlýsingu „samþykki“ og leggur til að í staðinn verði notað orðið „umboð“. Er því lagt til að gerðar verði viðeigandi breytingar á umræddu ákvæði í því skyni, sem og á öðrum ákvæðum frumvarpsins þar sem fjallað er um umrætt samþykki (e-lið 2. mgr. 9. gr., 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 15. gr., 22. gr. og 28. gr.).“

⇒ Ráðuneytið tekur undir tillögu Persónuverndar og leggur til að breytingar verði gerðar á frumvarpinu til samræmis við hana.

#### Ákvæði frumvarpsins um öflun upplýsinga frá þriðju aðilum.

Úr umsögn:

„Að auki telur Persónuvernd tilefni til athugasemdar við 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins. Eins og áður segir er þar gert ráð fyrir að afla megi upplýsinga frá þriðju aðilum sé uppi rökstuddur grunur um að húsnæðisbætur séu greiddar á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga frá umsækjanda. Persónuvernd telur ákvæði sem þetta um íþyngjandi vinnslu persónuupplýsinga, sem gæti falið í sér umtalsverða íhlutun í friðhelgi einkalífs, verða að vera skýrt, einkum um hvaða upplýsinga afla megi og frá hverjum. Sem endranær telur og Persónuvernd að meðalhöfssjónarmiða þurfi að vera gætt. Þá verður ekki fram hjá því litið að óhjákvæmilegt getur verið, í ljósi hlutverks vissra aðila, að ákveðið trúnaðarsamband skapist milli þeirra og einstaklinga sem þeir eiga í samskiptum við. Telur Persónuvernd mikið álitæfni hvort edlilegt gæti talist í því ljósi að leitað yrði til leikskóla, eins og gert er ráð fyrir í athugasemdum frumvarpsins við umrætt ákvæði, til að fá vitneskju um hagi umsækjenda. Má almennt telja æskilegt í ljósi þess hlutverks sem þeir gegna að þeir geti veitt þjónustu sína án þess að hafa afskipti af persónulegum högum foreldra barnanna nema brýna nauðsyn beri til annars, einkum á grundvelli barnaverndarsjónarmiða. Með vísan til framangreinds leggur Persónuvernd til að umrætt ákvæði verði tekið til endurskoðunar þannig að tekið verði tillit til framangreinds og skýrara verði hvaða upplýsinga megi afla og hvaðan.“

⇒ Í 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins kemur fram að: „leiki rökstuddur grunur á að húsnæðisbætur séu greiddar á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga frá umsækjanda er heimilt að afla upplýsinga frá þriðja aðila sem ætla má að geti veitt upplýsingar er máli skipta í því skyni að endurmeta rétt til húsnæðisbóta.“

⇒ Ákvæðið er samhljóða 4. mgr. 45. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar en oft gagnast ábendingar frá þriðja aðila um aðstæður þeirra sem fá greiddar bætur til að koma í veg fyrir misnotkun á greiðslukerfum. Ekki er gert ráð fyrir að eingöngu sé byggt á upplýsingum frá þriðja aðila um aðstæður þeirra sem fá greiddar bætur en þær kunna engu að síður að vera nauðsynlegar við rannsókn mála. Verður framkvæmdaraðili ávallt að gæta meðalhófs í þessu sambandi.

⇒ Rétt er að hafa í huga að óski framkvæmdaraðili eftir upplýsingum frá þriðja aðila með stofn 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir að viðkomandi beri skylda til að veita upplýsingar ef þær eru bundnar þagnarskyldu enda er ekki tekið fram í frumvarpinu að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu þriðja aðila til að veita umbeðnar upplýsingar á grundvelli heimildarinnar.

#### 5. gr. frv. Framkvæmdaraðili.

Úr umsögn:

„Sem fyrr segir gerir frumvarpið ráð fyrir að aðili, sem nefndur er framkvæmdaraðili, vinni með persónuupplýsingar samkvæmt lögum sem sett yrðu á grundvelli þess, sbr. m.a. áður nefnd ákvæði 14. og 23. gr. frumvarpsins. Hann teldist þá vera ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu, þ.e. sá sem ákveður

tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Frumvarpið hefur ekki að geyma tilgreiningu á því hver teljist vera framkvæmdaraðili en gerir þess í stað ráð fyrir að hann sé tilnefndur af ráðherra, sbr. áðurnefnd ákvæði 5. gr. frumvarpsins. Tekið skal fram að það verður að teljast óvenjulegt að mælt sé fyrir um viðtækar heimildir til vinnslu persónuupplýsinga í lögum án tilgreiningar á þeim aðila sem heimildirnar eru fengnar. Í ljósi meðal annars sjónarmiða um skýrleika og fyrirsjáanleika laga telur Persónuvernd æskilegt að slík tilgreining liggi fyrir.“

⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um framkvæmdaraðila (bls. 3).

## **Reykjavíkurborg.**

### **Fjármálaskrifstofa.**

#### Kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélaga.

Úr umsögn:

„Í umsögn velferðarráðuneytisins um mat á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga kemur fram að frumvarpið hafi þau áhrif að útgjöld sveitarfélaga vegna almennra húsaleigubóta, sem nemi nú 1.530 m.kr., falli niður en á móti sé gert ráð fyrir að árleg útgjöld sveitarfélaga hækki um a.m.k. 800 m.kr. vegna sérstaks húsnæðisstuðnings. Því sé gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög taki upp viðræður um að jafna áhrif frumvarpsins á gjöld og tekjur ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga hins vegar. Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins er sömuleiðis gert ráð fyrir að nettó útgjaldalækkun sveitarfélaga miðað við framangreindar forsendur verði 700-800 m.kr. á ári. Fjármálaskrifstofa vill í þessu samhengi koma eftirfarandi á framfæri:

- Óvíst er hvort hin árlega nettó útgjaldalækkun sveitarfélaga sem gert er ráð fyrir í umsögnum velferðarráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins sé varanleg og mun það m.a. ráðast af fjölgun notenda sérstakra húsaleigubóta næstu árin.
- Verði frumvarpið að lögum kallar það á að sveitarfélög endurskoði eigin reglur um sérstakan húsnæðisstuðning. Að mati fjármálaskrifstofu mun þessi endurskoðun krefjast heildstæðrar rýningar á þeim stuðningi sem frumvörp um húsnæðisbætur og um almennar íbúðir fela í sér og hvernig sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga eigi að taka mið af þeim í ljósi markmiða frumvarpanna.
- Áhrif breytinganna sem frumvarpið felur í sér eru mjög ólík á einstök sveitarfélög. Mörg sveitarfélög greiða engar sérstakar húsaleigubætur á meðan Reykjavíkurborg greiðir 69% allra sérstakra húsaleigubóta á landinu, sem er langt umfram 37% hlutdeild borgarinnar í íbúafjölda landsins. Þetta gerir það að verkum að árleg nettó útgjaldalækkun borgarinnar vegna framangreindra breytinga er hlutfallslega lítil, eða um 100 m.kr á ári miðað við útkomuspá fyrir árið 2015. Á sama tíma njóta sveitarfélög sem greiða engar sérstakar húsaleigubætur hlutfallslega meiri ábata.

Fjármálaskrifstofa telur því að á þessu stigi sé mjög óljóst hvaða áhrif framangreindar breytingar hafi á fjárhag sveitarfélaga. Fjármálaskrifstofa leggur jafnframt áherslu á að Reykjavíkurborg hefur algjöra sérstöðu hvað þetta varðar vegna mikilla útgjalda til sérstakra húsaleigubóta sem eru langt umfram hlutdeild borgarinnar í íbúafjölda landsins. Því telur fjármálaskrifstofa mikilvægt að Reykjavíkurborg verði aðili að þeim viðræðum milli ríkis og sveitarfélaga sem gert er ráð fyrir í umsögn velferðarráðuneytisins.“

⇒ Ekki verður séð að sveitarfélög verði fyrir kostnaðarauka verði frumvarp til laga um húsnæðisbætur að lögum. Frumvarpið mun hafa þau áhrif að útgjöld sveitarfélaga vegna almennra húsaleigubóta falla niður en þau nema nú 1.530 m.kr. á ári. Á móti þessari útgjaldalækkun er gert ráð fyrir því að árleg útgjöld sveitarfélaga hækki um a.m.k. 800 m.kr. vegna sérstaks húsnæðisstuðnings þar sem gert er ráð fyrir að sveitarfélög taki alfarið við greiðslu kostnaðar vegna sérstaks húsnæðisstuðnings, þ.e. án greiðsluþátttöku ríkisins.

⇒ Samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þá fékk Reykjavíkurborg framlög úr sjóðnum sem nema 1.427 m.kr. vegna almennra húsaleigubóta og 574 m.kr. vegna sérstöku en þessi framlög nema 60–68% af þeim húsaleigubótum sem sveitarfélagið greiddi íbúum

Þess á árinu 2014. Þannig má áætla að samtals hafi verið greiddar 2.100 m.kr. í almennar húsaleigubætur í Reykjavík en þar af greiddi sveitarfélagið 700 m.kr. Enn fremur voru greiddar 1.000 m.kr. í sérstakar húsaleigubætur og nam hluti sveitarfélagsins 400 m.kr. Má því áætla að kostnaður sveitarfélagsins vegna gildandi laga á árinu 2014 hafi verið samtals 1.100 m.kr. en yrði 1.000 m.kr. í nýju kerfi vegna sérstaks húsnæðisstuðnings.

- ⇒ Frumvarpið gerir ráð fyrir fjárhagslegu uppgjöri milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar greiðslur annars vegar almennra húsaleigubóta og hins vegar sérstakra húsaleigubóta. Innbyrðis uppgjör einstakra sveitarfélaga að því varðar greiðslur vegna sérstakra húsnæðisbóta verður að eiga sér stað á vettvangi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga verði talið að fara betur að úthluta fé þaðan með öðrum hætti.

#### Skattlagning húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings sveitarfélaga.

Úr umsögn:

„Fjármálaskrifstofa tekur eindregið undir þá megináherslu Sambands íslenskra sveitarfélaga að tryggt verði að bæði húsnæðisbætur sem og frekari sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga verði undanþeginn skattskyldu.“

- ⇒ Ráðuneytið tekur undir þessa athugasemd og leggur til að eftirfarandi breyting verði gerð á frumvarpinu:

Við 32. gr. frumvarpsins bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

*Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum:*

a. Í stað orðanna „Húsaleigubætur, sbr. lög nr. 138/1997“ í 9. tölul. 28. gr. kemur: húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

b. Í stað orðsins „húsaleigubætur“ í 4. mgr. 66. gr. laganna kemur: húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

#### **Velferðarsvið.**

##### Efnahagsleg áhrif frumvarpsins. Skrifstofa fjármála og rekstrar á velferðarsviði.

Úr umsögn:

„Þann 25. ágúst 2015 var velferðarnefnd Alþingis send umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um áður framlagt frumvarp til laga um húsnæðisbætur. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju. Þar sem forsendur þær sem liggja til grundvallar eru þær sömu og í fyrra frumvarpi hefur umsögn skrifstofu fjármála og rekstrar á velferðarsviði Reykjavíkurborgar ekki tekið tekið breytingum.“

„Í meginatriðum er gert ráð fyrir 40% hækkun grunnfjárhæðar og 85% hækkun á mögulegu frítekjumarki á meðan skerðingarhlutfall tekna umfram frítekjumörk er óbreytt. Breytingarnar fela því í sér aukinn stuðning til mun breiðari tekjuhóps en áður. Bent hefur verið á að aukinn stuðningur gæti stuðlað að herra leiguverði í stað þess að auka ráðstöfunartekjur leigutaka. Ef eftirspurn er umfram framboð á leiguhúsnæði þá er það sennileg niðurstaða, a.m.k. að hluta. Mögulega er hægt að vinna gegn þeirri tilhneigingu með að skilyrða húsnæðisbætur við hámarks leigufjárhæð.“

- ⇒ Varðandi athugasemd um aukinn húsnæðisstuðning til breiðari tekjuhóps en áður er rétt að taka fram að velferðarráðuneytið vinnur að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við athugasemdir.
- ⇒ Við mat á áhrifum frumvarpsins á leiguverð verður að líta til annarra aðgerða stjórnvalda í húsnæðismálum og hvaða áhrif leiði af samspili þeirra, einkum áhrifa frá frumvarpi til laga um almennar íbúðir og lækkun fjármagnstekjuskatts á leigutekjur en hvort tveggja er talið leiða til aukins framboðs leiguhúsnæðis.
- ⇒ Samkvæmt greiningu á efnahagslegum áhrifum aðgerða stjórnvalda í húsnæðismálum sem unnin var af Analytica (fylgiskjal III við frumvarp til laga um almennar íbúðir, bls. 51–61) fyrir velferðarráðuneytið munu aðgerðirnar hafa þau heildaráhrif að leiguverð lækki til lengri tíma lítið. Er þar tekið tillit til stofnframlaga samkvæmt frumvarpi til laga um almennar íbúðir, hækkunar húsnæðisstuðnings til leigjenda samkvæmt frumvarpi til laga um húsnæðisbætur og lækkunar fjármagnstekjuskatts á leigutekjur sem samþykkt var á Alþingi fyrir áramót.

⇒ Vísast í þessu sambandi einnig til umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarpið, en þar kemur fram að það sé mat Seðlabankans að til lengri tíma litið muni aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum hafa þau áhrif að framboð á hagkvæmu íbúðarhúsnæði muni aukast og húsnæðiskostnaður fjölskyldna lækka.

Úr umsögn:

„Í greinargerð með frumvarpinu virðist vera gert ráð fyrir því að sveitarfélög hætti að greiða almennar húsaleigubætur en taki þess í stað alfarið við greiðslu sérstakra húsaleigubóta og að 60% framlag Jöfnunarsjóðs vegna þeirra falli niður“.

⇒ Í þeim fjölskipuðu nefndum sem hafa fjallað um nýtt húsnæðisbótakerfi var breið samstaða um að almennur húsnæðisstuðningur ætti betur heima hjá ríkinu heldur en sveitarfélögum. Þar er um að ræða almennan húsnæðisstuðning til leigjenda á sama hátt og vaxtabætur eru fyrir íbúðareigendur. Allir leigjendur geta sótt um þessar bætur en fjöldi heimilismanna, tekjur, eignir og greiðsluþátttaka í húsnæðiskostnaði ráða fjárhæð húsnæðisbóta. Þessi stuðningur fer ekki saman við félagsþjónustu sveitarfélaga sem er sú þjónusta sem sveitarfélögin veita og miðar ávallt heildstætt við félagslegar aðstæður fjölskyldna. Fer almennur húsnæðisstuðningur við leigjendur í formi húsnæðisbóta því betur saman við annan þann félagslega stuðning sem ríkið veitir.

Úr umsögn:

„Viðbótarkostnaður skattgreiðenda í Reykjavík vegna þessa verður árlega u.þ.b. 1,6 ma.kr. í nýju kerfi (sú fjárhæð sem Reykjavíkurborg greiðir umfram það sem hún myndi greiða ef hlutdeild borgarinnar í greiðslu sérstakra húsaleigubóta og fjárhagsaðstoðar væri jöfn hlutdeild í íbúafjölda), miðað við óbreyttar greiðslur vegna sérstakra húsaleigubóta. Þessi mikli viðbótarkostnaður dregur að sjálfsögðu úr svigrúmi borgarinnar til að veita aðra þjónustu og því bera skattgreiðendur í Reykjavík skardan hlut frá borði vegna forystuhlutverks borgarinnar í veitingu félagslegrar aðstoðar.“

⇒ Samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þá fékk Reykjavíkurborg framlög úr sjóðnum sem nema 1.427 m.kr. vegna almennra húsaleigubóta og 574 m.kr. vegna sérstakra húsaleigubóta en þessi framlög nema 60–68% af þeim húsaleigubótum sem sveitarfélagið greiddi íbúum þess á árinu 2014. Þannig má áætla að kostnaður sveitarfélagsins vegna gildandi laga á árinu 2014 hafi verið samtals 1.100 m.kr. en yrði 1.000 m.kr. í nýju kerfi vegna sérstaks húsnæðisstuðnings.

Úr umsögn:

„Að mati Reykjavíkurborgar er nauðsynlegt að innlima félagsleg útgjöld í jöfnunarkerfi sveitarfélaga á sama hátt og gert er með rekstur grunnskóla og málaflokk fatlaðs fólks, enda er um lögbundna þjónustu að ræða sem er síst minna mikilvæg en fyrrnefndir tveir málaflokkar. Jöfnunina væri hægt að útfæra á sama hátt og í tilviki grunnskóla og málefna fatlaðs fólks með því að láta tiltekið hlutfall útsvarstofns renna til Jöfnunarsjóðs og dreifa fjármunum til sveitarfélaga eftir veittri aðstoð eða öðrum fyrirframskilgreindum viðmiðum.“

„Án jöfnunar útgjalda skapast sú hættu að ákveðin sveitarfélög veiti litla sem enga þjónustu á þessu sviði til að létta á eigin rekstri, sem kemur illa við þá sem íbúa sem verst standa og skapar hvata fyrir þá til að flytja til sveitarfélaga eins og Reykjavíkurborgar þar sem aðstoðin er meiri. Í síðarnefndu sveitarfélögunum getur hlutfall íbúa sem þarf á félagslegri aðstoð að halda þannig aukist, sem veikir tekjugrunn sveitarfélaganna á sama tíma og útgjaldaþörf eykst.“

„Í jöfnun útgjalda felst yfirlýsing um að félagsþjónusta sé sett í forgang. Þannig er stuðlað að því að öll sveitarfélög veiti viðunandi aðstoð og komið í veg fyrir að skattgreiðendur ákveðinna sveitarfélaga beri óhóflegar byrðir vegna hennar. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi núverandi áforma um mikla uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis. Reykjavíkurborg hefur tekið forystuhlutverk í þessum áformum með framsetningu áætlunar um uppbyggingu 2.500–3.000 leigu- eða búseturéttaríbúða, og þar af uppbyggingu eða kaup Félagsbústaða á 500 félagslegum íbúðum á næstu fimm árum. Tryggja

þarf að nægur hvati sé fyrir önnur sveitarfélög til að taka þátt af sama krafti til að markmið stjórnvalda um félagslega uppbyggingu náist.“

- ⇒ Ekki verður séð að sveitarfélög verði fyrir kostnaðarauka verði frumvarp til laga um húsnæðisbætur að lögum. Frumvarpið mun hafa þau áhrif að útgjöld sveitarfélaga vegna almennra húsaleigubóta falla niður en þau nema nú 1.530 m.kr. á ári. Á móti þessari útgjaldalækkun er gert ráð fyrir því að árleg útgjöld sveitarfélaga hækki um a.m.k. 800 m.kr. vegna sérstaks húsnæðisstuðnings.
- ⇒ Frumvarpið gerir ráð fyrir fjárhagslegu uppgjöri milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar greiðslur vegna annars vegar almennra húsaleigubóta og hins vegar sérstakra húsaleigubóta.
- ⇒ Innbyrðis uppgjör einstakra sveitarfélaga að því varðar greiðslur vegna sérstakra húsnæðisbóta verður að eiga sér stað á vettvangi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga verði talið að fé eigi að vera úthlutað þaðan á annan veg en nú er gert.

Úr umsögn:

„Úrtak Reykjavíkurborgar bendir til að heildarþótagreiðslur úrtaksins aukist um 26% árið 2016 og um 33% árið 2017 að öðru óbreyttu. Þegar frumvarp tekur að fullu gildi 1. jan. 2017 þá mun stuðningur, reiknaður sem hlutfall af húsaleigu, aukast meira hjá þeim 21% heimila sem hafa heildarárstekjur umfram 4 m.kr. Þegar tekjumörk eru 2,7 m.kr. óháð fjölda heimilismanna eins og gert er ráð fyrir á árinu 2016 þá er hlutfallsleg aukning á stuðningi jafnari þvert á tekjuhópa. Samkvæmt frumvarpinu verða bætur í hlutfalli af meðalleigu árið 2017 hæstar hjá tekjulægstu hópunum og lækka nokkuð jafnt í samræmi við hækkandi tekjur.“

- ⇒ Velferðarráðuneytið vinnur að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við athugasemd um aukinn húsnæðisstuðning til tekjuhærri fjölskyldna.

Úr umsögn:

„Miðað við fjölskyldugerð skv. Þjóðskrá er breyting minnst hjá einstæðum foreldrum eða um 10% að meðaltali. Innan þess hóps fer munur lækkandi eftir því sem fjöldi barna eykst fram að hópnum fjögur eða fleiri börn sem stafar af því hvernig núverandi kerfi er tengt fjölda barna en grunnfjárhæð í núverandi kerfi fer hækkandi með fjölda barna fram að þriðja barni. Mest er breytingin hjá hópnum barnlausum hjónum/sambýlisfólki eða hækkun um 64%.

- ⇒ Velferðarráðuneytið vinnur að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við framangreinda athugasemd.

Úr umsögn:

„Ein helsta breyting frumvarps um húsnæðisbætur er að tekjur frá TR verða reiknaðar með heildartekjum til skerðingar á grunnfjárhæð. Samhliða hækkandi grunnfjárhæð hefur þetta þau heildaráhrif að reiknaðar bætur hækka til flestra. Hækkun er þó minni hjá einstaklingum sem hafa einhverjar tekjur frá TR. Að meðaltali er hækkun 24% hjá einstaklingum með einhverjar tekjur frá TR en 41% hjá öðrum.“

- ⇒ Í þeim fjölskipuðu nefndum sem hafa fjallað um nýtt húsnæðisbótakerfi var breið samstaða um að eðlilegt væri að líta á tekjur almannatrygginga með sama hætti og aðrar tekjur, svo sem fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og atvinnuleysisbætur, enda um skattskyldar tekjur að ræða.
- ⇒ Að því er varðar áhrif framangreindrar breytingar á húsnæðisstuðning til þeirra sem njóta greiðslna á grundvelli laga um almannatryggingar vinnur velferðarráðuneytið nú að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við athugasemdirna.

Úr umsögn:

„Viðtekendur almennra bóta í Reykjavík skiptast nákvæmlega til helminga á milli almenna leigumarkaðarins og leigufélaga eða samtaka sem ekki eru rekin í hagnaðarskygni. Athygli vekur að viðskiptavinir Félagsbústaða bera hlutfallslega minnst úr bótum þegar kemur að hækkun bótafjárhæðar.

- ⇒ Samkvæmt gögnum Reykjavíkurborgar um húsaleigubótaþega í október 2015 fengu rúmlega 85% íbúa Félagsbústaða greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og höfðu tæplega 61% þeirra almennar tekjur auk greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins.
- ⇒ Í gildandi húsaleigubótakerfi hafa greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins ekki áhrif til skerðingar á húsaleigubótum en í nýju húsnæðisbótakerfi munu þær hafa áhrif til skerðingar fari þær yfir ákveðin frítekjumörk sem taka mið af fjölda heimilismanna.
- ⇒ Að því er varðar áhrif framangreindrar breytingar á húsnæðisstuðning til þeirra sem njóta greiðslna á grundvelli laga um almannatryggingar vinnur velferðarráðuneytið nú að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við athugasemdina.

Úr umsögn:

„Bætur lækka hjá 209 einstaklingum frá og með árinu 2017, þ.e. þegar frumvarp er að fullu í gildi. Þar af eru 52 einstaklingar sem lækka vegna eignastöðu en af þeim falla bætur alveg niður hjá 32 þar sem heildareignir eru umfram 10,4 m.kr. Hjá öðrum er lækkun tilkomin vegna tekna frá TR sem nú reiknast til skerðingar.“

- ⇒ Viðtakendur húsaleigubóta hjá Reykjavíkurborg eru eignalitlir einstaklingar og fjölskyldur og því hefur breytt fyrirkomulag skerðingar vegna eigna umfram fríeignamark almennt lítil áhrif á greiðslur innan húsnæðisbótakerfisins.
- ⇒ Í ljósi mikilvægi þess að halda nýju kerfi eins einföldu og kostur er í samræmi við tillögur fyrrnefndra fjölskipaðra nefnda var lagt til að sömu eignamörk giltu um alla innan húsnæðisbótakerfisins. Jafnframt þótti þýðingarmikið að miða við sömu viðmið og eru í vaxtabótakerfinu enda markmið frumvarpsins að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera við ólík búsetuform.
- ⇒ Að því er varðar áhrif framangreindrar breytingar á húsnæðisstuðning til þeirra sem njóta greiðslna á grundvelli laga um almannatryggingar vinnur velferðarráðuneytið nú að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við athugasemdina.

Úr umsögn:

„Af 7.189 umsóknum eru 200 einstaklingar sem fá skerðingu vegna 75% hámarks bóta sem hlutfall af húsaleigu. Að meðaltali eru bætur skertar hjá þessum einstaklingum um 6.132 kr. á mánuði eða samtals 1,2 m.kr. vegna þess. Ef miðað er við 50% hámark bóta sem hlutfall af húsaleigu eins og gert er í núverandi kerfi myndast skerðing hjá 737 einstaklingum að meðaltali um 7.462 kr. á mánuði eða samtals 5,5 m.kr. Breyting úr 50% í 75% hámark hækkar bætur um 4,3 m.kr. á mánuði miðað við 7.189 umsóknir hjá Reykjavíkurborg nóv. 2014.“

- ⇒ Með þeirri breytingu að húsnæðisbætur geti aldrei numið herra hlutfalli en 75% af húsnæðiskostnaði er ætlunin m.a. að koma betur til móts við aðstæður þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri innan almannatryggingakerfisins þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að litið verði á greiðslur almannatrygginga sem tekjur í hinu nýja kerfi ólíkt því sem gildir innan núverandi húsaleigubótakerfis og munu þær þ.a.l. hafa áhrif til skerðingar á grunnfjárhæðum séu heildartekjur viðkomandi umfram frítekjumörk frumvarpsins. Breytingin mun ekki hafa áhrif á stóran hóp en einkum er um að ræða einhleypa einstaklinga sem leigja 1-2 herbergja íbúðir og greiða lága húsaleigu.

#### 5. gr. frv. Framkvæmdaraðili.

Úr umsögn:

„Samkvæmt fyrra frumvarpi átti Tryggingastofnun ríkisins að verða sá framkvæmdaraðili sem annast skyldi umsjón húsnæðisbóta. Í því frumvarpi sem hér um ræðir kemur fram í 30. gr. að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um það hvaða stofnun hann feli framkvæmd laganna. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að horft sé til þess í framtíðinni að húsnæðisbætur og vaxtabætur verði sameinaðar í eitt og sama kerfi. Að mati velferðarsviðs má því telja eðlilegt að ríkisskattstjóri verði framkvæmdaraðili þar sem afgreiðsla vaxtabóta er á hendi þeirrar stofnunar. Þannig verði betur tryggt

að jafnræðis sé gætt á milli notenda og auðveldara verður að sameina kerfin þegar að því kemur. Það myndi fela í sér hagræði við upplýsingaöflun og eftirlit ef embætti ríkisskattstjóra myndi annast afgreiðslu húsnæðisbótanna. Það yrði tímafrekara og umfangsmeira í framkvæmd fyrir aðra aðila að fylgjast með því hvort umsækjandi fái greiddar vaxtabætur fyrir sama tímabil og húsnæðisbætur. Vaxtabætur eru greiddar fyrir hvert ár en húsnæðisbætur eru greiddar mánaðarlega. Þar sem ríkisskattstjóri afgreiðir vaxtabætur, er unnt að sannreyna hvort húsnæðisbætur hafi verið greiddar fyrir ákveðið tímabil, áður en til greiðslu vaxtabóta kemur. Embætti ríkisskattstjóra hefur verið í fararbroddi með notkun rafrænna skilríkja og ætti því að vera vel í stakk búið að innleiða rafrænt umsóknarferli vegna húsnæðisbóta.“

⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um framkvæmdaraðila (bls. 3).

#### 9. liður 9. gr. frv. Skilyrði um íbúðarhúsnæði.

Úr umsögn:

„Í fyrri umsögn sviðsins var að finna umfjöllun um ákvæði er varðar skilyrði húsnæðisbóta hvað varðar venjulega og fullnægjandi heimilisadstöðu en í fyrirliggjandi frumvarpi er samsvarandi ákvæði að finna í 9. gr. Gerð er sú krafa að íbúðarhúsnæði feli í sér venjulega og fullnægjandi heimilisadstöðu þar sem að lágmarki er eitt svefnherbergi ásamt séreldhúsi eða séreldunaraðstöðu, sérsnyrtingu og baðaðstöðu. Margir tekjulágir einstaklingar búa við slæma aðstöðu á húsnæðismarkaðnum og margir þeirra leigja eitt herbergi eða húsnæði þar sem eldhús og/eða snyrting er sameiginleg með öðrum. Telur velferðarsvið Reykjavíkurborgar því tilefni til að kanna hvort rétt sé að draga úr þeim kröfum sem gerðar eru þar að lútandi eða hvort veita ætti tímabundna heimild frá framangreindri málsgrein til þess að bregðast við þeirri aðstöðu sem nú ríkir á leigumarkaði á Íslandi. Væri það í samræmi við markmið laganna þar sem um efnaminni leigjendur er að ræða auk þess sem hugsanlegt væri að fleiri leigusamningum yrði þinglýst, eftirlit yrði auðveldara, réttarstaða leigutaka gæti batnað o.s.frv.“

⇒ Sjá sérstakt minnisblað um þetta efni.

#### 11. gr. frv. Réttur „samleigjenda“ til húsnæðisbóta.

Úr umsögn:

„Á grunni ofangreinds vill velferðarsvið Reykjavíkurborgar taka undir þá tillögu sem fram kemur í umsögn Félagsbústaða hf. og varðar þá einstaklinga sem leigja húsnæði með öðrum, t.d. í einbýlishúsum þar sem nokkrir aðilar samnýta eldhús og baðherbergi. Lagt er til að í 11. gr. frumvarpsins verði framangreindum hópi einnig veitt undanþága frá ákveðnum skilyrðum sem fram koma í 9. gr. frumvarpsins. Afmarka þyrfti þann hóp á ákveðinn hátt og gera kröfu um að fyrir lægi sérstakur samningur milli þeirra einstaklinga sem leigðu saman sem skilgreindi rétt þeirra og ábyrgð. Húsnæðisbætur til framangreindra einstaklinga yrðu ekki háðar tekjum og eignum meðleigjanda.“

⇒ Sjá sérstakt minnisblað um þetta efni.

#### 32. gr. frv. Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Úr umsögn:

„Í 2. tl. 32. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að við hana bætist ný málsgrein þar sem fram kemur að sveitarfélögum sé heimilt að veita stuðning vegna húsnæðiskostnaðar í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur. Hér er um að ræða breytingu frá fyrra frumvarpi en í því voru lagðar skyldur á herðar sveitarfélögum um að taka ákvörðun um veitingu húsnæðisstuðnings til lækkunar á húsnæðiskostnaði við leigu á íbúðarhúsnæði til eigin afnota fyrir 1. nóvember ár hvert. Mikilvægt er að samræmi ríki hvað varðar aðstoð sveitarfélaga í þessum efnum en Reykjavíkurborg er eitt fárra sveitarfélaga sem veitir húsnæðisstuðning í formi sérstakra húsaleigubóta.“

⇒ Sjá umfjöllun um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga hér að framan (bls. 4).



### 31. gr. frv. Gildistaka.

Úr umsögn:

„Ef fyrirbyggjandi frumvarp um húsnæðisbætur verður að lögum leggur velferðarsvið Reykjavíkurborgar áherslu á að um er að ræða viðamikla breytingu sem varðar sveitarfélög og gera verður ráð fyrir að tekið verði tillit til þess með því að sá aðlögunartími sem veittur verði sé sanngjarn.“

⇒ Sjá umfjöllun um gildistöku frumvarpsins hér að framan (bls. 4).

### **Ríkisskattstjóri.**

#### Húsnæðisbætur undanskildar skattskyldu.

Úr umsögn:

„Af þessu tilefni bendir ríkisskattstjóri á að samkvæmt 9. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, teljast húsaleigubætur skv. lögum nr. 138/1997 ekki til skattskyldra tekna. Í fyrirbyggjandi frumvarpi er eins og áður segir gert ráð fyrir að lög nr. 138/1997 falli úr gildi verði frumvarpið samþykkt. Í frumvarpinu er þó ekki að finna ákvæði um undanþágu hinna nýju húsnæðisbóta frá skattskyldu og þá er ekki mælt fyrir um breytingar á tilvitnuðum 9. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003. Að óbreyttu myndu þannig hinar nýju bætur teljast skattskyldar tekjur hjá þeim sem veittu þeim viðtöku. Til viðbótar við ofangreint leyfir ríkisskattstjóri sér að benda á það að ef ekki er um skattfrjálsar tekjur að ræða líkt og í núgildandi lögum um húsaleigubætur, þá færi betur á því ef endurreikningur skv. 25. gr. frumvarpsins yrði framkvæmdur við það tímamark þegar áritunarupplýsingar inn á skattframtöl samkvæmt almennri innköllun sbr. 92. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, hafa borist ríkisskattstjóra í stað þess að fara fram við álagningu.“

⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um skattlagningu húsnæðisbóta (bls. 12).

#### Hugtakið „húsnæðisbætur“.

Úr umsögn:

„Ríkisskattstjóri leyfir sér ennfremur að benda á það að orðið húsnæðisbætur hefur áður komið fyrir í löggjöf hér á landi, nánar tiltekið í lögum nr. 49/1987 sem breyttu þágildandi lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Húsnæðisbætur þeirra tíma voru í gildi á árunum 1988 - 1993. Með lögum nr. 49/1987 voru lögfestar húsnæðisbætur sem greiddar voru þeim sem keyptu eða byggðu sitt fyrsta húsnæði til eigin nota og voru réttaráhrif þeirra húsnæðisbóta allt önnur en þeirra húsnæðisbóta sem fjallað er um í frumvarpi því sem hér er til umsagnar. Með vísan til framangreinds og í því skyni að forðast misskilning bendir ríkisskattstjóri á að það gæti verið heppilegra að stuðst verði áfram við orðið húsaleigubætur í þessu sambandi í stað húsnæðisbóta.“

⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um notkun hugtaksins „húsnæðisbætur“ (bls. 1).

### 3. mgr. 15. gr. frv. Heimild framkvæmdaraðila til upplýsingaöflunar.

Úr umsögn:

„Að lokum leyfir ríkisskattstjóri sér að benda á það að í 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins, sem fjallar um heimild framkvæmdaraðila til upplýsingaöflunar, er kveðið á um heimild þess aðila til að afla upplýsinga rafrænt eða á annan hátt sem framkvæmdaraðili ákveður. Ríkisskattstjóri telur það samræmast betur þeirri þróun sem átt hefur sér stað í rafvæðingu stjórnsýslunnar og markmiðum Ríkisstjórnar Íslands um einföldun stjórnsýslunnar, að miðlun slíkra gagna yrði alfarið með rafrænu móti.“

⇒ Að mati ráðuneytisins er ekki unnt að ganga svo langt að gera kröfu um að upplýsingaöflun framkvæmdaraðila frá skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna, sveitarfélögum, sýslumönnum, leigusölum íbúðarhúsnæðis og viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis fari eingöngu fram með rafrænum hætti. Í því sambandi má þó almennt gera ráð fyrir að svo verði raunin, a.m.k. þegar um upplýsingar frá öðrum stjórnvöldum er að ræða, en hins vegar verður að líta til þess að í einhverjum tilvikum getur verið um að ræða upplýsingar frá einkaaðilum og einstaklingum og verður að ætla að 35. gr. stjórnsýslulaga, nr.

37/1993, komi í veg fyrir að heimilt sé að gera fortakslausa köafu um rafræn samskipti við einkaaðila og einstaklinga.

- ⇒ Í 1. másl. 1. mgr. 35. gr. stjórnslulaga er mælt fyrir um að stjórnvald ákveði hvort boðið verði upp á þann *valkost* að nota rafræna miðlun upplýsinga við meðferð máls. Í ljósi þess að í ákvæðinu er vísað til þess að um valkost sé að ræða verður ekki annað ráðið af ákvæðinu en að ávallt verði að vera mögulegt fyrir einstaklinga að skila gögnum bréflaga kjósi hann að gera það. Þá segir í athugasemdum við 2. gr. frumvarps til laga nr. 51/2003, um breytingu á stjórnslulögum, nr. 37/1993, með síðari breytingum, að ákvæðið veiti „aftur á móti ekki heimild til þess að einskorda meðferð stjórnslumála við rafræna meðferð. Almenn jafnræðisrök leiða til þess, a.m.k. við núverandi aðstæður, að almenningur verður að geta borið erindi sín upp við stjórnvöld án tillits til þess hvort hann á þess kost að gera það með rafrænum hætti eða ekki.“

### **Samband íslenskra sveitarfélaga.**

#### 5. gr. frv. Framkvæmdaraðili.

Úr umsögn:

„Að mati sambandsins er afar óæskilegt að ekki liggi fyrir við afgreiðslu málsins hvaða ríkisstofnun muni fara með framkvæmd húsnæðisbótakerfisins. Hér er um að ræða veigamikinn málaflokk með veruleg útgjöld og tiltölulega flókna umsýslu þar sem reynir á samskipti við sveitarfélögin.“

Telja verður eðlilegt að löggjafinn hafi hönd í bagga með að ákveða þá stofnanaskipan sem verður fyrir valinu, en fyrir liggur að ýmislegt kemur þar til álita, m.a. að framkvæmdin verði hluti af skattkerfinu eins og stungið er upp á í umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Með sama hætti má ljóst vera að gildistaka laganna verður háð því að ákvörðun hafi verið tekin um það hver fari með framkvæmdina og að sá aðili hafi fengið nægjanlegt ráðrúm til þess að undirbúa verkefnið. Sá undirbúningur mun þurfa að eiga sér stað í samstarfi við sveitarfélögin þar eð þau munu eftir sem áður veita sínum skjólstæðingum frekari húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til húsnæðisbóta.

Þannig er gert ráð fyrir því í 28. gr. frumvarpsins að viðkomandi sveitarfélag fái upplýsingar um greiðslur húsnæðisbóta til umsækjanda sem og um þá heimilismenn sem búsettir eru á heimilinu þannig að unnt sé að meta þörf þeirra á frekari húsnæðisstuðningi á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. 32. gr. frumvarpsins. Áriðandi er að undirbyggja þessa samskipti vel og að framkvæmdaraðili af hálfu ríkisins setji sig inn í þarfir sveitarfélaga fyrir upplýsingar.

Af þessum ástæðum veldur óvissa varðandi framkvæmdina nokkrum áhyggjum sem og að gildistaka laganna kunni að dragast vegna lausra enda og innleiðingin því ekki verða jafnmarkviss og heildstæð og að var stefnt.“

- ⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um framkvæmdaraðila (bls. 3).

#### 32. gr. frv. Breytingar á öðrum lögum. Lög um tekjuskatt. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

*Húsnæðisbætur verði undanþegnar skattskyldu.*

Úr umsögn:

„Sambandið leggur megináherslu á að úr þessu verði bætt við meðferð velferðarnefndar á frumvarpinu og að undanþága frá skattskyldu verði tryggð í 32. gr. frumvarpsins, sem fjallar um breytingar á öðrum lögum. Undanþága vísi bæði til húsnæðisbóta sem og frekari húsnæðisstuðnings sveitarfélaga.“

- ⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um skattlagningu húsnæðisbóta (bls. 12).

*Breytt orðalag varðandi frekari stuðning sveitarfélaga vegna húsnæðiskostnaðar.*

Úr umsögn:

„Þá verði viðbót við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem fjallað er um í 2. tölul. 32. gr. frumvarpsins, með eftirfarandi hætti:

Sveitarfélögum er heimilt að veita frekari stuðning vegna húsnæðiskostnaðar í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur. Ráðherra skal árlega, að höfðu samráði við Samband íslenskra

sveitarfélaga, gefa út leiðbeinandi reglur til sveitarstjórna um framkvæmd frekari húsnæðisstuðnings ásamt viðmiðunarfjárhæðum. Sveitarstjórn skal setja nánari reglur um stuðninginn á grundvelli leiðbeininga ráðherra. Reglur sveitarstjórnar skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.“

- ⇒ Ráðuneytið tekur undir þessa athugasemd en þetta væri ein leið til að hvetja sveitarfélög til samræmdari reglna um frekari stuðning vegna húsnæðiskostnaðar leigjenda.
- ⇒ Ráðuneytið leggur til að 2. tölul. 32. gr. frumvarpsins verði orðaður með eftirfarandi hætti:  
*2. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum:* Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Sveitarfélögum er heimilt að veita stuðning vegna húsnæðiskostnaðar í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur. Ráðherra skal árlega, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, gefa út leiðbeinandi reglur til sveitarstjórna um framkvæmd húsnæðisstuðnings skv. 1. másl. ásamt viðmiðunarfjárhæðum. Sveitarstjórn setur nánari reglur um stuðninginn á grundvelli leiðbeininga ráðherra. Reglur sveitarstjórnar skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.“

### **Samtök atvinnulífsins.**

Aukinn stuðningur til leigjenda leiði til hækkunar húsaleigu.

Úr umsögn:

„Aukinn ríkisstuðningur við leigjendur mun að öllum líkindum leiða til hækkunar á húsaleigu, sérstaklega þar sem nú er skortur á leiguhúsnæði, sem kann að skila meiri ábata fyrir leigusala en fyrir leigjendur, auk þess sem sveitarfélög kynnu að draga úr sínum sérstöku húsaleigubótum.“

- ⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um efnahagsleg áhrif aðgerða stjórnvalda í húsnæðismálum (bls. 12–13).

Skortur á samræmi á milli húsnæðisbóta og vaxtabóta.

Úr umsögn:

„Meginbreyting frumvarpsins frá núverandi húsaleigubótakerfi felst einkum í því að grunnfjárhæð húsaleigubótanna hækkar umtalsvert og að bæturnar og frítekjumörk hækka í takti við tiltekinn stuðul miðað við fjölda heimilismanna sem hefur það í för með sér að fleiri en áður eiga rétt til niðurgreiðslu á leigu íbúðarhúsnæðis. Áfram eru kerfi húsaleigubóta og vaxtabóta aðskilin, með ólíkri grunnfjárhæð og hámarki bóta og með ólíkri skerðingu tekjuviðmiða. Skortur á samræmingu gera kerfin ógagnsærri, óskilvirkari og kostnaðarsamari en vera þyrfti.“

- ⇒ Kerfi húsaleigu-, húsnæðis- og vaxtabóta eru um margt ólík og samanburður á þeim því ekki auðveldur og kann stundum jafnvel að vera villandi. Vaxtabótakerfið er ekki háð fjölda heimilismanna heldur fjölskyldugerð en þannig geta barnlaus hjón og sambúðarfólk fengið jafnmikið í vaxtabætur og hjón eða sambúðarfólk með fjögur börn. Húsnæðisbætur taka á hinn bóginn mið af fjölda heimilismanna óháð aldri þeirra og innbyrðis tengslum. Vaxtabætur ná til mun breiðari tekjuhóps en húsnæðisbæturnar sem beinast einkum að tekjulágum heimilum.
- ⇒ Ekki er gert ráð fyrir að vaxta- og húsaleigubætur verði sameinaðar í eitt kerfi húsnæðisbóta að svo stöddu. Þess í stað er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á báðum húsnæðisstuðningskerfunum til að jafna stuðning hins opinbera við ólík búsetuform. Í því skyni er m.a. lagt til í frumvarpinu að húsnæðisstuðningur við leigjendur verði hækkaður verulega þannig að fjárhæðir húsnæðisbóta verði sambærilegri fjárhæðum vaxtabóta. Einnig er m.a. lagt til að tekjur verði skilgreindar með sama hætti, notast verði við sömu tekjumörk og eignamörk gilda um hjón og sambúðarfólk í vaxtabótakerfinu og sama fyrirkomulag lækkunar grunnfjárhæða vegna tekna og eigna.

Úr umsögn:

„SA telja að húsnæðisbætur eigi að takmarkast við þrengri hóp en lagt er til í frumvarpinu. Að öðrum kosti er hætta á að stuðningurinn, sérstaklega þar sem um verulega hækkun er að ræða, komi leigusala ekki síður en leigutaka til góða.“

- ⇒ Varðandi athugasemd um að húsnæðisbætur eigi að takmarkast við þrengri hóp er rétt að taka fram að velferðarráðuneytið vinnur að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við athugasemdina.
- ⇒ Hvað varðar athugasemd um að húsnæðisstuðningur muni koma leigusala til góða er vísað til umfjöllunar hér að framan um efnahagsleg áhrif aðgerða stjórnvalda í húsnæðismálum (bls. 12-13).

#### Kostnaðarsöm umsýsla og framkvæmd opinbers húsnæðisstuðnings.

Úr umsögn:

„Í frumvarpinu er lagt til að stjórnsýsla og umsýsla með almennum húsaleigubótum verði flutt frá sveitarfélögum yfir til ríkisins en að greiðsla sérstakra húsaleigubóta verði eftir sem áður á hendi sveitarfélaga. Umsýsla vaxtabóta er svo hjá efnahags- og fjármálaráðuneyti. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að 12 stöðugildi sinni kerfinu í heild sinni á vegum sveitarfélaganna. Velferðarráðuneytið áætlar að það þurfi 50% fleiri stöðugildi til að sinna umsýslu kerfisins eftir breytingarnar og gerir ráð fyrir 93 m.kr. varanlegum kostnaði hjá þeirri stofnun sem falin verður rekstur húsnæðisbótakerfisins. Auk þess er gert ráð fyrir að til falli 20 m.kr. einskiptiskostnaður vegna aðlögunar á upplýsinga- og tölvukerfum. Niðurstaðan verður meira flækjustig í umsóknarferlinu fyrir leigjendur sem fá bæði húsnæðisbætur og sérstakar húsaleigubætur og þurfa að fá afgreiðslu á sínum málum á tveimur stjórnsýslustigum. SA telja mikilvægt að skoða sérstaklega hvort umsýsla og framkvæmd allra þessara bóta sé betur fyrir komið hjá einu stjórnvaldi til einföldunar og hagræðingar, t.d. hjá efnahags- og fjármálaráðuneyti, í ljósi þess að rekstur vaxtabótakerfisins hefur gengið greiðlega fyrir sig og án mikils kostnaðar.“

- ⇒ Í þeim fjölskipuðu nefndum sem hafa fjallað um nýtt húsnæðisbótakerfi var breið samstaða um að almennur húsnæðisstuðningur ætti betur heima hjá ríkinu en sveitarfélögum. Þar er um að ræða almennan húsnæðisstuðning til leigjenda á sama hátt og vaxtabætur eru fyrir íbúðareigendur. Allir leigjendur geta sótt um þessar bætur en fjöldi heimilismanna, tekjur, eignir og greiðsluþátttaka í húsnæðiskostnaði ráða fjárhæð húsnæðisbóta. Þessi stuðningur fer ekki saman við félagsþjónustu sveitarfélaga sem er sú þjónusta sem sveitarfélögin veita og miðar ávallt heildstætt við félagslegar aðstæður fjölskyldna. Fer þessi stuðningur því betur saman við annan þann félagslega stuðning sem ríkið veitir.
- ⇒ Sérstakar húsaleigubætur eru hins vegar eingöngu greiddar til þeirra sem standa mjög höllum fæti félagslega og dugar yfirleitt ekki eitt og sér að hafa lágar tekjur heldur verður almennt eitthvað meira að koma til. Hefur því verið litið á sérstakar húsaleigubætur sem hluta af félagsþjónustu sveitarfélaga og eru þær eingöngu greiddar út eftir að umfangsmikið mat hefur farið fram á félagslegum aðstæðum fjölskyldna. Til marks um framangreint er ekki fjallað efnislega um sérstakar húsaleigubætur í gildandi lögum um húsaleigubætur enda ákveður hvert sveitarfélag hvort það greiði sérstakar húsaleigubætur og þá hvaða reglur skuli gilda um þær á sama hátt og gildir um aðrar reglur um félagsþjónustu sveitarfélaga. Er því lagt til í frumvarpinu að ákvæði um frekari stuðning sveitarfélaga vegna húsnæðiskostnaðar verði staðsett í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- ⇒ Að því er varðar umsýslukostnað, liggur ekki nákvæmlega fyrir hver umsýslukostnaður, þ.m.t. fjöldi stöðugilda, vegna almennra húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta hefur verið hjá sveitarfélögunum. Eingöngu er um að ræða áætlaðan kostnað enda er núverandi kostnaður dreifður innan stjórnsýslu 70 sveitarfélaga. Einungis hluti þeirra greiðir út sérstakar húsaleigubætur (26 sveitarfélög) og má ætla að framkvæmd þeirra sé að mestu leyti samtvinnuð félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélaga þar sem þær fjölskyldur sem fá greiddar sérstakar húsaleigubætur njóta oftast en ekki margþættrar þjónustu frá sveitarfélaginu.
- ⇒ Að því er varðar athugasemd um að frumvarpið muni leiða til þess að umsóknarferlið verði flóknara fyrir hluta bótaþega, þ.e. þá sem sækja um sérstakan húsnæðisstuðning frá viðkomandi sveitarfélagi til viðbótar húsnæðisbótum, verði opinber húsnæðisstuðningur til leigjenda á hendi tveggja framkvæmdaraðila, er rétt að taka fram að í gildandi húsaleigubótakerfi þarf umræddur hópur einnig að sækja sérstaklega um sérstakar húsaleigubætur. Þannig er í dag ekki gert ráð fyrir sameiginlegri umsókn um almennar og sérstakar húsaleigubætur hjá sveitarfélögunum enda gilda ekki sömu skilyrði um greiðslu sérstakra húsaleigubóta og almennra húsaleigubóta og þarf því

einnig að fara fram sérstakt mat á félagslegum aðstæðum umsækjanda um sérstakar húsaleigubætur.

⇒ Um val á framkvæmdaraðila vísast til umfjöllunar á bls. 3.

### **Seðlabanki Íslands.**

Húsnæðiskostnaður leigjenda lækkar og efnahagslegum stöðugleika ekki raskað.

Úr umsögn:

„Samkvæmt frumvarpinu mun ríkið taka þátt í húsnæðiskostnaði að uppfylltum hámarks tekju- og eignamörkum og með hliðsjón af fjölskyldugerð. Við það mun eftirspurn viðkomandi fjölskyldna eftir húsnæði aukast. Hve mikil áhrifin verða fer eftir framboðs- og eftirspurnarteygni á markaði fyrir þann hluta húsnæðis sem frumvarpið nær til. Til skamms tíma má búast við að áhrifin komi að mestu fram í hækkuðu verði húsnæðis (þ.e. hærri leigu) á þessum hluta markaðarins. Til lengri tíma þýðir það að framboð þess húsnæðis sem frumvarpið nær til mun aukast og að sama skapi draga úr framboði annars (dýrara) húsnæðis og verð þess (leiga) hækkar því með tímanum. Það felur í sér að þær fjölskyldur sem njóta kostnaðarþátttöku ríkisins samkvæmt frumvarpinu munu með tímanum þurfa að ráðstafa nokkru minni hluta tekna sinna en ella til húsnæðis og þar af leiðandi hafa meira til ráðstöfunar í aðrar neysluvörur og sparnað. Samkvæmt mati fjármála- og efnahagsráðuneytis sem fylgir greinargerð með frumvarpinu mun það leiða til útgjaldaauka er nemur um það bil 2 ma.kr. Að því mati gefnu er ekki um slíkar fjárhæðir að ræða að þær, einar og sér, raski efnahagslegum stöðugleika. Rétt er þó að benda á að Seðlabankinn mun ávallt taka m.a. mið af innlendu eftirspurnarstigi við mat sit á þörf fyrir æskilegt aðhaldsstig peningastefnunar.“

### **Sveitarfélagið Árborg.**

Stytting lágmarks leigutíma. Fráskildir foreldrar. Húsnæðisbætur greiddar til leigusala. Tekjur.

Úr umsögn:

„Félagsþjónusta Árborgar fagnar því að lögð sé til stytting á lágmarks leigutíma úr sex mánuðum í þrjá mánuði, en það mun koma leigjendum til góða. Breytingar fyrir fráskilda foreldra eru einnig af hinu góða þar sem í frumvarpinu er lagt til að foreldrar geti hvor um sig fengið húsaleigubætur vegna barna sinna þrátt fyrir að lögheimili sé hjá öðru foreldrinu. Jákvaett er að möguleiki sé á að greiða húsnæðisbætur til leigusala, en eftir því hefur verið unnið í Sveitarfélaginu Árborg varðandi félagslegt húsnæði þ.e. húsaleigubætur koma til frádráttar húsaleigu. Félagsþjónusta Árborgar fagnar því að taka skuli allar skattskyldar tekjur með við útreikning á húsnæðisbótum og tryggir sú breyting jafnræði bótaþega.“

### **Tryggingastofnun ríkisins.**

5. gr. frv. Framkvæmdaraðili.

Úr umsögn:

„Tryggingastofnun vill í upphafi vekja athygli á að sl. sumar var stofnuninni falið af Velferðarráðuneytinu að hefja undirbúning á því að sjá um meðferð á húsnæðisbótum enda var stofnuninni falin framkvæmdin skv. fyrra frumvarpi til umræddra laga er lagt var fram á Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015 í máli 788. Sá undirbúningur hófst strax með greiningu í júlí/ágúst og útfærslu í tölvukerfum stofnunarinnar í september og er umsóknarferlið að verða tilbúið. Þá ber einnig að vísa til þess að stofnunin býr nú þegar yfir mikilli þekkingu og reynslu þegar kemur að greiðslu bóta, endurreikningi, uppgjöri og eftirliti auk þess sem hluti viðskiptavina stofnunarinnar myndi eiga rétt á húsnæðisbótum. Verkefnið fellur vel að núverandi verkefnum stofnunarinnar ásamt hlutverki hennar og telur stofnunin sig því vel til þess fallna að vera framkvæmdaraðili húsnæðisbóta.“

⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um framkvæmdaraðila (bls. 3).

7. tölul. 3. gr. frv. Tímabundið aðsetur.

Úr umsögn:

„Í 7. tl. 3. gr. frumvarpsins þyrfti að koma skýrara fram hvað felist í orðalaginu „tiltölulega skammur tími“ í skilningi frumvarpsins. Æskilegt er að þessu hugtaki væri markaður hámarkstími. Hið sama gildir um einstök ákvæði 10. gr. frumvarpsins en þó sérstaklega b- liðar.“

- ⇒ Í 7. tölul. 3. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á hugtakinu „tímabundið aðsetur“ en það telst dvalarstaður einstaklings fjarri lögheimili til tiltölulega skamms tíma.
- ⇒ Ákveðið var að skilgreina ekki nákvæmlega lengd þess tíma sem einstaklingur dvelur á tímabundnu aðsetri. Þótti fara betur á því að miða við „tiltölulega skamman tíma“ sérstaklega í ljósi þess að þau tilvik sem varða tímabundið aðsetur og talin eru upp í a-d-liðum 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins eru fjölbreytt.
- ⇒ Í flestum tilvikum eru nám og dvöl á áfangaheimili tímabundin enda þótt nám geti staðið yfir í nokkur ár. Einnig má gera ráð fyrir að standi veikindi mjög lengi yfir og sækja þarf heilbrigðisþjónustu fjarri heimili þannig að viðkomandi þurfi að dvelja þar þá flytji sjúklingur og fjölskylda hans á þann stað sem heilbrigðisþjónusta er veitt. Þá var ákveðið að setja tímamörk þegar tímabundið aðsetur má rekja til starfa viðkomandi en þar er lagt til að tímabundið aðsetur geri varað í allt að þrjú ár.

#### b-liður 9. gr. frv. Þinglýsing leigusamninga.

Úr umsögn:

„Í b. lið 9. gr. er það skilyrði sett að um þinglýstan leigusamning sé að ræða. Tryggingastofnun vill varpa fram þeirri spurningu hvort þinglýsing sé nauðsynleg þar sem að þinglýsing leigusamnings kallar á fyrirhöfn umsækjenda svo og skapar töluverða vinnu fyrir framkvæmdaaðila og er auk þess kostnaðarsöm.“

- ⇒ Að mati ráðuneytisins er mikilvægt að gera það að kröfu að leigusamningum sé þinglýst enda þykja enn vera fyrir hendi sömu rök og komu fram í athugasemdum við frumvarp það er varð að eldri lögum, nr. 100/1994, um húsaleigubætur, með síðari breytingum, um að tilgangur þessa skilyrðis sé að stuðla að því að vandað verði til samninga sem og að meiri festa verði við gerð þeirra. Síðast en ekki síst var skilyrðinu ætla að girða fyrir málamyndagerminga. Engu að síður hafa verið lagðar til undanþágur frá framangreindu skilyrði um þinglýsingu leigusamninga í nánar skilgreindum tilvikum í 12. gr. frumvarpsins og þær rökstuddar í athugasemdum við greinina.

#### 13. gr. frv. Öll meðferð umsókna verði rafræn.

Úr umsögn:

„Tryggingastofnun telur mikilvægt að afgreiðsla umsókna verði eins rafræn og unnt er til þess að hægt sé að tryggja góða framkvæmd og stuðla að hagkvæmni. Æskilegt væri að tekinn væri af allur vafi um að framkvæmdaraðili geti haft alla meðferð umsókna á rafrænu formi. Í þessu samhengi væri m.a. æskilegt að breyta 13. gr. frumvarpsins í þá veru.“

- ⇒ Að mati ráðuneytisins verður að gera ráð fyrir þeim möguleika að umsækjendur geti skilað umsókn á pappír og átt að öðru leyti í samskiptum við framkvæmdaraðila bréflaga. Þá verður að ætla að 35. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, komi í veg fyrir að heimilt sé að gera fortakslausu köfu um rafræn samskipti við einkaaðila og einstaklinga.
- ⇒ Í 1. málsl. 1. mgr. 35. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, er mælt fyrir um að stjórnvald ákveði hvort boðið verði upp á þann *valkost* að nota rafræna miðlun upplýsinga við meðferð máls. Í ljósi þess að í ákvæðinu er vísað til þess að um valkost sé að ræða verður ekki annað ráðið af ákvæðinu en að ávallt verði að vera mögulegt fyrir einstaklinga að skila gögnum bréflaga kjósi hann að gera það. Þá segir í athugasemdum við 2. gr. frumvarps til laga nr. 51/2003, um breytingu á stjórnslulögum, nr. 37/1993, með síðari breytingum, að ákvæðið veiti „aftur á móti ekki heimild til þess að einskorða meðferð stjórnslumála við rafræna meðferð. Almenn jafnræðisrök leiða til þess, a.m.k. við núverandi aðstæður, að almenningur verður að geta borið erindi sín upp við stjórnvöld án tillits til þess hvort hann á þess kost að gera það með rafrænum hætti eða ekki.“

#### 17. gr. frv. Tekjur sem koma til á tímabili greiðslu húsnæðisbóta.

Úr umsögn:

„Í 17. gr. kemur fram að þær tekjur teljist eingöngu með sem koma til á tímabili umsóknar. Rétt er að vekja athygli á því að ákvæðið virðist með þessu bjóða upp á þann möguleika að umsækjandi gæti eingöngu sótt um húsnæðisbætur á því tímabili sem að hann er tekjulítill, eða tekjulaus, en ekki sótt

um vegna þeirra mánaða sem hann hefur verulegar tekjur, jafnvel þó að húsaleigusamningur sé í gildi allt tímabilið, má t.d. nefna námsmann sem sinnir sumarstarfi.“

- ⇒ Í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins kemur fram að við útreikning húsnæðisbóta skuli miða við tekjur sem koma til á sama tímabili innan hvers almanaksárs og greiðslur húsnæðisbóta standa yfir.
- ⇒ Ákvæðið er skýrt nánar í athugasemdum við 17. gr. frumvarpsins en þar segir að mikilvægt þyki „að fjárhæðir húsnæðisbóta taki mið af þeim tekjum sem koma til á sama tímabili innan viðkomandi almanaksárs og greiðslur húsnæðisbóta standa yfir. Ljóst er í því sambandi að breytingar á högum einstaklinga geta leitt til þess að tekjur þeirra lækki verulega en sem dæmi um slík tilvik má nefna þegar einstaklingur verður atvinnulaus eða segir upp atvinnu sinni til að hefja nám. Við þær aðstæður þykir óeðlilegt að tekjur sem komið hafa til utan þess tímabils sem greiðslur húsnæðisbóta standa yfir, svo sem áður en sótt er um húsnæðisbætur eða eftir að leigutíma lýkur, lækki fjárhæðir húsnæðisbóta eða verði jafnvel til þess að húsnæðisbætur falli niður. Er því lagt til að alla jafna skuli miðað við tekjur sem koma til á sama tímabili innan hvers almanaksárs og greiðslur húsnæðisbóta standa yfir og er þar um að ræða sama fyrirkomulag og í lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, að því er varðar nýjar umsóknir um bætur samkvæmt lögnum.“
- ⇒ Ekki verður séð að framangreind athugasemd mæli gegn því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu enda verður að ætla að einstaklingur þurfi helst á húsnæðisstuðningi að halda þegar hann er tekjulítill eða tekjulaus.

#### 21. gr. frv. Greiðsla húsnæðisbóta.

*Greiðsla eingreiðslu húsnæðisbóta þegar mánaðarlegar greiðslur eru lægri en 1000 kr.*

Úr umsögn:

„Í 3. mgr. 21. gr. er kveðið á um að húsnæðisbætur greiðist ekki mánaðarlega sé útreiknuð fjárhæð þeirra lægri en 1.000 kr. á mánuði, heldur skuli greiða fjárhæðina í eingreiðslu sem fer fram í desember á tekjuárinu. Tryggingastofnun telur eðlilegt að þessi eingreiðsla fari fram á sama tíma og endurreikningur sem kveðið er á um í 2. mgr. 25. gr. þegar endanlegar upplýsingar um eignir og tekjur almanaksársins liggi fyrir skv. skattframtali, sem er þá um mitt næsta ár.“

- ⇒ Þessi leið var skoðuð við gerð frumvarpsins. Eðlilegra þótti að húsnæðisbætur verði greiddar til viðkomandi innan þess árs sem þær eru greiddar vegna en ekki hálfu ári síðar.

*Greiðsla húsnæðisbóta til leigusala.*

Úr umsögn:

„Í 4. mgr. 21. gr. er framkvæmdaraðila heimilt að greiða húsnæðisbætur til leigusala skv. skriflegri beiðni umsækjanda. Tryggingastofnun telur að eðlilegt væri að binda heimildina við húsnæði í eigu sveitarfélaga eða jafnvel lögaðila.“

- ⇒ Heimild framkvæmdaraðila til að greiða húsnæðisbætur til leigusala er ávallt bundin því skilyrði að leigjandi samþykki slíka ráðstöfun og raunar að hann fari fram á það sjálfur. Þykir ekki ástæða til að binda heimildina við greiðslu húsnæðisbóta til sveitarfélaga eða lögaðila.
- ⇒ Þannig er m.a. gert ráð fyrir að heimilt verði að greiða húsnæðisbætur til leigusala þegar nokkrir einstaklingar leigja saman íbúð af öðrum einstaklingi en í umsögnum við frumvarpið hefur m.a. verið bent á að í slíkum tilvikum kunni leigjendur að vilja tryggja að húsnæðisbætur renni beint til niðurgreiðslu leigu í stað þess að umsækjandi þurfi að skipta húsnæðisbótunum á milli sín og annarra leigjenda í mánuði hverjum.

#### 1. mgr. 22. gr. frv. Tillaga að breyttu orðalagi.

Úr umsögn:

„Tryggingastofnun leggur til að 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins verði umorðuð þannig að greinin sé í samræmi við orðalag 14. gr. frumvarpsins. Stofnunin leggur til að orðalagið verði eftirfarandi: „Verði heimilismaður 18 ára á því tímabili sem greiddar eru húsnæðisbætur skal hann veita framkvæmdaraðila samþykki sitt fyrir öflun nauðsynlegra gagna skv. 2. mgr. 14. gr. þegar hann verður 18 ára.““

- ⇒ Í 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins kemur fram að verði heimilismaður 18 ára á því tímabili sem greiddar eru húsnæðisbætur *skuli framkvæmdaraðili afla samþykkis* hans fyrir öflun nauðsynlegra upplýsinga og gagna skv. 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins þegar hann verður 18 ára.
- ⇒ Ástæða orðalags ákvæðisins er að mikilvægt þykir að framkvæmdaraðili geri viðkomandi *viðvart* um nauðsyn þess að hann veiti samþykki sitt. Í því sambandi var m.a. litið til þess að gert er ráð fyrir að umsókn um húsnæðisbætur haldist í gildi svo lengi sem húsaleigusamningur er í gildi og skilyrði húsnæðisbóta eru uppfyllt að öðru leyti og kann því að vera langt um liðið frá því að sótt var um húsnæðisbætur. Liggur einnig fyrir að viðkomandi heimilismaður hafi verið barn að aldri þegar sótt var um húsnæðisbætur og standa því líkur til að viðkomandi hafi ekki verið kynntar þær skyldur sem á heimilismönnum, 18 ára og eldri, hvíla skv. 14. gr. frumvarpsins.
- ⇒ Ráðuneytið leggur þó til að orðalagi ákvæðisins verði breytt til samræmis við ábendingu Persónuverndar hér að framan á bls. 10 þannig að notast verði við hugtakið „umboð“ í stað „samþykkis“.

### 23. gr. frv. Eftirlit með greiðslu húsnæðisbóta.

Úr umsögn:

„Í 7. kafla frumvarpsins er kveðið á um eftirlit með framkvæmd þess. Í 23. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að framkvæmdaraðili skuli reglubundið sannreyna þær upplýsingar sem ákvörðun um rétt til húsnæðisbóta byggist á. Tryggingastofnun vill vekja athygli á að erfitt er að sannreyna upplýsingar um heimilismenn í íbúðum í fjölbýlishúsum þar sem Þjóðskrá skráir ekki íbúa í tilteknar íbúðir. Til þess að tryggja góða framkvæmd og eftirlit þyrfti slík opinber skráning að vera fyrir hendi.“

- ⇒ Í frumvarpinu er gengið út frá því að heimilismenn eigi skráð lögheimili í viðkomandi íbúðarhúsnæði eða eigi þar tímabundið aðsetur í skilningi frumvarpsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að bendi eitthvað til þess að einstaklingur búi ekki í íbúðarhúsnæðinu dugi lögheimilisskráning ekki ein og sér.
- ⇒ Um þetta er fjallað nánar í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins en þar segir: „Áfram er gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að umsækjandi sem og aðrir heimilismenn séu raunverulega búsettir í viðkomandi íbúðarhúsnæði í skilningi frumvarpsins. Í því skyni að sýna fram á búsetu í viðkomandi íbúðarhúsnæði er m.a. gert ráð fyrir að hlutaðeigandi eigi þar skráð lögheimili, sbr. einnig 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Engu að síður er lagt til að það falli í hlut framkvæmdaraðila að meta hvort umsækjandi og eftir atvikum aðrir heimilismenn búi sannanlega þar sem viðkomandi eiga lögheimili. Ítrekað er að í því skilyrði að einstaklingur búi sannanlega í viðkomandi íbúðarhúsnæði felst að um sé að ræða heimili hans og er þá átt við þann stað þar sem hann geymir eitur sínar, á sér svefnstað og hefst við þegar hann er ekki fjarverandi til skamms tíma vegna atvinnu, tómstunda, ferðalaga, veikinda eða annarra sambærilegra ástæðna. Jafnframt skuli miðað við að hver einstaklingur búi í einu og sama íbúðarhúsnæðinu á hverjum tíma enda er almennt litið svo á að hver einstaklingur haldi heimili á einum stað. Þannig nægi lögheimilisskráning ekki út af fyrir sig ef fyrir hendi eru gögn sem benda til þess að viðkomandi búi annars staðar, hvort sem er hér á landi eða erlendis. Taka má dæmi um son eða dóttur sem enn er með skráð lögheimili hjá foreldrum sínum á meðan viðkomandi dvelst erlendis við nám, sbr. 9. gr. laga um lögheimili. Með hliðsjón af skilyrði frumvarpsins um búsetu getur viðkomandi þá ekki talist sem heimilismaður í íbúðarhúsnæðinu sem foreldrar hans/hennar leigja þar sem hann eða hún býr þar sannanlega ekki enda þótt viðkomandi eigi þar skráð lögheimili. Vilji umsækjandi eða annar heimilismaður ekki una ákvörðun framkvæmdaraðila þar um er honum heimilt að kæra þá ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. frumvarps þessa.“
- ⇒ Enda þótt Þjóðskrá Íslands skrái íbúa enn sem komið er ekki í tilteknar íbúðir telur ráðuneytið það ekki kalla á slíka misnotkun að það eigi að koma í veg fyrir að taka skuli tillit til fjölda heimilismanna við ákvörðun um fjárhæð húsnæðisbóta.
- ⇒ Hjá Þjóðskrá Íslands fer ekki fram skráning á tímabundnu aðsetri einstaklinga í skilningi frumvarpsins en í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að viðkomandi framvísi tilteknum gögnum sem tilgreind eru í 10. gr. frumvarpsins til staðfestingar á tímabundnu aðsetri fjarri lögheimili.



## **Viðskiptaráð Íslands.**

### Litið framhjá ráðleggingum AGS.

Úr umsögn:

Viðskiptaráð lýsir yfir vonbrigðum yfir því að stjórnvöld líti framhjá nýlegri úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á tekjuskatts- og bótakerfunum hérlandis. Niðurstaða úttektar sjóðsins var að stjórnvöld ættu frekar að hjálpa efnaminni einstaklingum með beinum fjárhagsstuðningi í stað húsnæðistengdra niðurgreiðslna.

AGS gagnrýnir jafnframt stjórnvöld fyrir að starfrækja þrjú ólík stuðningskerfi á húsnæðismarkaði. Auk vaxtabótakerfisins útteila stjórnvöld húsaleigubótum og veita húsnæðislán í gegnum Íbúðalánasjóð. Að mati AGS gerir þetta fyrirkomulag árangur framangreindra stuðningskerfa óljósan og er síður til þess fallið að ná markmiðum stjórnvalda með stuðningnum samanborið við eitt heildstætt stuðningskerfi.

Þá hvetur AGS stjórnvöld til að afnema alfarið útgjaldatengdar húsnæðisbætur. Er það mat sjóðsins að stjórnvöld ættu að afnema vaxtabætur smám saman á næstu árum og taka þess í stað upp almennan fjárhagsstuðning sem einskorðast við efnaminni heimili. Eins ættu stjórnvöld að afnema húsaleigubætur með sams konar hætti. Þannig sé komið í veg fyrir að niðurgreiðslur vaxta- og leiguútgjalda hvetji til aukinnar skuldsetningar og leiði til hækkunar fasteignaverðs.

Frumvarp þetta sem nú er til umfjöllunar gengur hins vegar þvert á ráðleggingar AGS. Með frumvarpinu er lagt til að útgjaldatengdar húsnæðisbætur verði hækkadar í stað þess að dregið verði úr þeim.“

- ⇒ Það var niðurstaða fjölskipaðra nefnda sem um málið hafa fjallað hér á landi að leggja til að húsaleigu- og vaxtabætur yrðu sameinaðar í eitt húsnæðisstuðningskerfi húsnæðisbóta. Sú tillaga samræmist tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um húsnæðisstuðning sem fram koma í nýlegri skýrslu sjóðsins frá því í nóvember 2015 um skattkerfið hér á landi. Fram kemur að það sé mat sjóðsins að æskilegt sé að stjórnvöld veiti fjárhagsaðstoð með einu samræmdu stuðningskerfi fremur en að beita ólíkum aðgerðum, svo sem vaxta- og húsaleigubótakerfunum, til að stuðla að húsnæðisöryggi landsmanna þar sem slíkt fyrirkomulag geti leitt til þess að markmið húsnæðisstefnu stjórnvalda verði óskýrari og kunni að leiða til þess að fólk velji sér dýrara húsnæði en ella.
- ⇒ Frumvarpið er skref í átt að samræmingu vaxta- og húsaleigubóta en að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir að vaxta- og húsaleigubætur verði sameinaðar í eitt kerfi húsnæðisbóta. Enn standa þó vonir til að svo verði.

### Stuðningurinn muni skila sér til leigusala en ekki leigjenda.

Úr umsögn:

„Fjármála- og efnahagsráðuneytið tekur undir gagnrýni AGS. Þannig segir eftirfarandi í umsögn ráðuneytisins: „Við þessar aðstæður eru allar líkur á að stóraukinn ríkisstuðningur í formi niðurgreiddrar leigu muni fljótlega leiða til hækkunar á leiguverði. Þannig má leiða líkur að því að þessi aukni húsnæðisstuðningur muni skila ábata í meiri mæli til leigusala en til leigjenda og að hætt verði við því að staða leigjenda batni ekki að því marki sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, a.m.k. ekki til skemmri tíma litið.“

Viðskiptaráð tekur undir framangreind sjónarmið AGS og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Að mati ráðsins er hækkun húsnæðisbóta til leigjenda illa til þess fallin að ná markmiðum stjórnvalda um aukinn stuðning við leigjendur íbúðarhúsnæðis. Þess í stað er hún til þess fallin að skila leigusölum meiri ábata en leigjendum í formi herra leiguverðs.“

- ⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um efnahagsleg áhrif aðgerða stjórnvalda í húsnæðismálum (bls. 12–13).

### Umsýsla verður flóknari og kostnaðarsamari en áður.

Úr umsögn:

„Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins er einnig til umfjöllunar sú meginbreyting frumvarpsins að ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun almennra húsaleigubóta færist frá sveitarfélögum til ríkisins en greiðsla sérstakra húsaleigubóta verði áfram hjá sveitarfélögum. Í umsögn ráðuneytisins segir að með þessu móti verði rekstur bótakerfisins kostnaðarsamari fyrir hið opinbera þar sem gera megi ráð fyrir að ráða þurfi fjölda starfsmanna til þeirrar stofnunar sem falin verður umsýsla kerfisins auk þess sem byggja þurfi upp tölvukerfi. Velferðaráðuneytið áætlað að 12 stöðugildi muni þurfa til að sinna umsýslunni af hálfu ríkisins en 6 stöðugildi til að sinna umsýslu sérstakra húsaleigubóta sveitarfélaga. Í dag er áætlað að 12 stöðugildi sinni kerfinu í heild sinni á vegum sveitarfélaganna. Því er áætlað fjölga þurfi stöðugildum um 50% til að sinna umsýslu kerfisins eftir breytingarnar. Einnig verður meira flækjustig í umsóknarferlinu fyrir þá leigjendur sem þiggja bæði húsnæðisbætur og sérstakar húsaleigubætur og þurfa að fá afgreiðslu sinna mála á tveimur stöðum. Viðskiptaráð furðar sig á því að skipta eigi umsjón með bótum vegna leigu á íbúðarhúsnæði á milli sveitarfélaga og ríkisins. Breyting þessi er einungis til þess fallin að auka flækjustig fyrir leigjendur og auka kostnað hins opinbera. Að mati ráðsins væri edlilegast að umsjón bæði almennra og sértækra húsaleigubóta væri á höndum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem fer nú þegar með umsjón vaxtabótakerfisins, þannig að umsjón með húsnæðistengdum stuðningi stjórnvalda verði á einum stað.“

⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um áhrif frumvarpsins á umsýslu húsnæðisstuðnings (bls. 20–21).

### **Þjóðskrá Íslands.**

#### Áfangaheimili.

Úr umsögn:

„Þótt fasteign sé skráð sem áfangaheimili í fasteignaskrá, þarf það ekki að þýða að um sé að ræða dvalarheimili sem fellur undir skilgreiningu frumvarpsins. Það yrði á ábyrgð framkvæmdaraðila skv. frumvarpinu að meta hvort áfangaheimilið (dvalarheimilið) falli undir skilgreiningu frumvarpsins.“

⇒ Gert er ráð fyrir að sú skylda hvíli almennt á framkvæmdaraðila að meta hvort skilyrði frumvarpsins séu uppfyllt, þ.á m. hvort um áfangaheimili sé að ræða í skilningi frumvarpsins.

#### Heimilismenn.

Úr umsögn:

„Benda má á hvort nota eigi orðalagið skráð lögheimili í íbúðarhúsnæði í stað búsettir sbr. 2.tl.

Svo hægt sé að finna út hvaða heimilismenn eru búsettir í íbúð/fasteign þyrfti að vera hægt skrá heimilismenn niður á íbúðanúmer. Ákvæði frumvarpsins verður ekki skilið á annan hátt en að einstaklingar séu skráðir niður á íbúðir. Skráning einstaklinga í íbúðir í Þjóðskrá er ekki orðin að veruleika eins og er en stefnt er að slíkri skráningu. Þjóðskrá Íslands hefur eins og áður segir hafið undirbúning þess en fjármagn vantar til þess að slík skráning geti orðið að veruleika.“

⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um skráningu Þjóðskrár Íslands (bls. 24).

#### Nám fjarri lögheimili.

Úr umsögn:

„Samkvæmt frumvarpinu væri ekki óheimilt að námsmaður sem er með lögheimili í Reykjavík og er í Háskóla Íslands verði með tímabundna búsetu í Reykjavík og njóti þar húsnæðisbóta þar sem hann býr, t.d. í stúdentagörðum. Í dag geta námsmenn sem stunda nám fyrir utan lögheimilissveit óskað eftir aðsetursskráningu í Þjóðskrá. Þjóðskrá Íslands hefur hins vegar hafnað skráningu námsmanna ef þeir stunda nám innan lögheimilissveitar. Frumvarpið verður ekki skilið á annan hátt en að námsmenn geti stundað nám innan lögheimilissveitar á grundvelli tímabundins aðseturs. Þannig verður framkvæmdaraðila heimilt að veita námsmanni húsnæðisbætur þótt hann hafi ekki aðsetursskráningu í Þjóðskrá. Er ætlunin að vera með annars konar skráningu og víðtækari? Spyrja má hvort það sé ætlunin að afnema skyldu til að skrá aðsetur í Þjóðskrá?“

- ⇒ Í a-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins kemur fram að þrátt fyrir skilyrði a-liðar 2. mgr. 9. gr. um búsetu geti einstaklingur talist búsettur í hinu leigða íbúðarhúsnæði hafi hann þar tímabundið aðsetur og búi þar, þótt hann eigi skráð lögheimili annars staðar á Íslandi, enda hafi hann slíkt tímabundið aðsetur vegna náms sem hann stundar fjarri lögheimili.
- ⇒ Í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins segir: „Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að um tímabundið aðsetur í skilningi frumvarpsins geti verið að ræða þegar einstaklingur sem á skráð lögheimili á Íslandi heldur tímabundið heimili annars staðar hér á landi vegna náms sem hann stundar fjarri lögheimili sínu. Ekki er lagt til að kveðið verði nánar á um hversu fjarri lögheimili umrætt nám sé stundað en miða skal þó við að viðkomandi geti ekki með góðu móti ferðast daglega frá lögheimili sínu þangað sem námið fer fram vegna vegalengdar. *Fallið er frá því skilyrði að námið sé stundað í öðru sveitarfélagi en því sem hann á skráð lögheimili í þar sem ljóst er að sum sveitarfélöganna eru mjög viðfeðm og almenningsamgöngur ekki tíðar milli einstakra hluta þess, m.a. vegna strjálbýlis.* Þar af leiðandi verður í því sambandi að miða við aðstæður hverju sinni. Sem dæmi er ekki gert ráð fyrir að reyni á þessa undanþágu á höfuðborgarsvæðinu þar sem almenningsamgöngur eru almennt góðar milli sveitarfélaga enda þótt námsmaður hafi ákveðið að búa nær skóla sínum.“
- ⇒ Ljóst er að miklar breytingar hafa átt sér stað síðan lög um húsaleigubætur voru fyrst sett þar sem sveitarfélögum hefur fækkað verulega og samhliða því hafa þau stækkað landfræðilega þannig að sum þeirra ná yfir stór landsvæði.
  - Dæmi um sveitarfélag sem nær yfir stórt landsvæði er sveitarfélagið Skagafjörður en aðstæður nemenda sem eiga þar lögheimili og sækja framhaldsskóla innan sveitarfélagsins, eða á Sauðárkróki, kunna að vera sambærilegar aðstæðum þeirra nemenda sem sækja framhaldsskóla til Reykjavíkur eða Akureyrar þar sem um langan veg þarf að fara milli lögheimilis viðkomandi og skóla.
  - Þeir fyrrnefndu eiga ekki rétt til húsaleigubóta samkvæmt gildandi lögum um húsaleigubætur enda þótt viðkomandi þurfi að hafa aðsetur nærri skólanum þar sem vegalengdin er of löng til að fara um daglega og þá jafnvel vegna legu vega og veðráttu en hinir síðarnefndu eiga rétt til húsaleigubóta. eru dæmi um að nemendur þurfi að keyra um 75 km leið yfir fjallvegi innan sveitarfélagsins milli lögheimilis og skóla.
- ⇒ Líkt og fram kemur í framangreindri athugasemd getur einstaklingur ekki skráð tímabundið aðsetur vegna náms hjá Þjóðskrá Íslands ef hið tímabundna aðsetur er í sama sveitarfélagi og hann á lögheimili. Ekki þykir eðlilegt að reglur um opinbera skráningu aðseturs komi í veg fyrir að einstaklingar geti notið húsnæðisstuðnings og er því í frumvarpinu lagt til að umsækjandi um húsnæðisbætur geti sýnt fram á að hann eigi tímabundið aðsetur annars staðar en á lögheimili sínu vegna náms með öðrum hætti en með staðfestingu frá Þjóðskrá Íslands, þ.e. með staðfestingu á skólavist.

### Tímabundið aðsetur.

Úr umsögn:

„Ekki kemur fram í frumvarpinu með skýrum hætti hvort umsækjandi þurfi að skrá tímabundið aðsetur í Þjóðskrá svo að hann uppfylli skilyrði frumvarpsins eða hvort nóg sé fyrir hann að framvísa þar til gerðum vottorðum s.s. læknisvottorði, námsvottorði, vottorði að umsækjandi sé í endurhæfingu á áfangaheimili. Jafnframt yrði að skilgreina hugtakið, þ.e. til hvað tímalengdar á að miða. Nemandi getur t.d. verið á námi í nokkur ár á meðan einstaklingur sem býr á áfangaheimili getur verið þar í fáeina mánuði.

Þar sem Þjóðskrá Íslands leggur mikinn metnað að hafa sem réttustu skráningu í Þjóðskrá á hverjum tíma kann að vera mikilvægt að þeir sem njóta húsnæðisbóta á grundvelli aðsetursskráningar hafi einnig þá skráningu í Þjóðskrá, þ.e. að skráning í Þjóðskrá endurspegli raunverulega búsetu einstaklings eins og lögheimilislögin gera ráð fyrir. Mikilvægt er að hafa þessa skráningu í Þjóðskrá þegar litið er til öryggis einstaklinga og að aðrar stofnanir s.s. lögregla, slökkvilið o.s.frv. geri sér grein fyrir raunverulegri búsetu umsækjanda. Því er ekki nægilegt að framkvæmdaraðili haldi einn utan um þessa skráningu.“

- ⇒ Líkt og komið hefur fram hefur Þjóðskrá Íslands ekki skráð tímabundið aðsetur í sumum af þeim tilvikum sem gert er ráð fyrir að unnt sé að fá greiddar húsnæðisbætur vegna, má þar t.d. nefna tímabundið aðsetur vegna náms innan lögheimilissveitarfélags sem og tímabundið aðsetur utan lögheimilis vegna veikinda.
- ⇒ Er því í frumvarpinu lagt til að umsækjandi um húsnæðisbætur geti sýnt fram á að hann eigi tímabundið aðsetur annars staðar en á lögheimili sínu með öðrum hætti en staðfestingu frá Þjóðskrá Íslands.
- ⇒ Hins vegar tekur ráðuneytið undir athugasemd Þjóðskrár Íslands að því er varðar mikilvægi þess að opinber skráning sé sem réttust á sama tíma og komið er til móts við þarfir einstaklinga um búsetu. Lög nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu, ásamt lögum nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta, heyra undir málefnasvið innanríkisráðherra.

#### 5. gr. Framkvæmdaraðili.

Úr umsögn:

„Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð hvaða stofnun hann felur framkvæmd húsnæðisbóta, sbr. 1. mgr. 5. gr. og 30. gr. frumvarpsins. Að mati Þjóðskrár Íslands eru ekki margar stofnanir sem geta sinnt því og farið eftir ákvæðum frumvarpsins. Má þar helst nefna eftirlit með hverjir teljast sem heimilismenn, eftirlit með fasteignum, þ.e. hvaða fasteignir uppfylla skilyrði frumvarpsins, fastri búsetu, o.s.frv. Það er alveg ljóst að framkvæmdaraðili þarf að hafa náð samstarf við Þjóðskrár Íslands verði það að lögum.“

- ⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um framkvæmdaraðila (bls. 3).

#### a-liður 9. gr. frv. Skilyrði húsnæðisbóta.

Úr umsögn:

„Svo að framkvæmdaraðili geti metið upplýsingar frá umsækjanda og staðfest hverjir teljist vera heimilismenn þyrfti að vera hægt að skrá heimilismenn niður á íbúðir. Eins og þjóðskrá er uppbyggð í dag er þetta ekki hægt eins og kemur fram í umfjöllun að framan. Þannig yrði framkvæmdaraðili að treysta á að upplýsingar umsækjanda séu réttar, sjá nánar athugasemdir um skráningu heimilismanna niður á íbúðir í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.“

- ⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um skráningu Þjóðskrár Íslands (bls. 24).

#### c. liður 2. mgr. 9. gr. frv.

Úr umsögn:

„Æskilegt að notast sé við hugtök sem þegar eru til. Í þessu samhengi er vert að nefna að í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti er að finna skilgreiningu á íbúðarhúsnæði. Þar segir: „varanlegt húsnæði sem ætlað er til svefnis, matar og daglegrar dvalar þeirra sem þar búa“. Samkvæmt reglugerðinni þarf bygginganefnd að samþykkja húsnæðið svo hægt sé að leigja það út sem íbúðarhúsnæði sbr. 24. gr. Þar kemur m.a. fram að óheimilt er að leigja út íbúðarhúsnæði eða íbúðarherbergi nema húsnæðið hafi hlotið samþykki byggingarnefndar. Er því vakin athygli á hlutverki og ábyrgð sveitarfélaga varðandi nýtingu og skráningu fasteigna sem og varðandi skipulagsmál. Þrátt fyrir skýr ákvæði lögheimilislaga þekkist það að sveitarfélög hafi heimilað skráningu lögheimilis í húsnæði sem er á svæði sem skipulagt er til annarrar notkunar en til íbúðar. Það kann því að vera að skráning lögheimilis í þjóðskrá gefi ekki rétta mynd af skráðri tegund notkunar.“

- ⇒ Hvað varðar hugtakanotkun í frumvarpinu er notast við þá skilgreiningu sem er að finna í gildandi lögum um húsaleigubætur. Skilgreiningin miðar að því að gerðar séu tiltekna lágmarkskröfur til húsnæðis einkum með tilliti til hollustuhátta og öryggisþátta, svo sem brunavarna, svo að það teljist íbúðarhúsnæði í skilningi frumvarpsins og geti orðið grundvöllur réttar til húsnæðisbóta. Hefur hingað til ekki þótt viðeigandi að fólk sem ekki býr í viðurkenndu íbúðarhúsnæði fái greiddar húsnæðisbætur. Er þannig lögð áhersla á að stuðla að því að leigjendur búi við fullnægjandi heimilisaðstöðu í samræmi við skilgreiningu c-liðar 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins

þannig að um sé að ræða a.m.k. eitt svefnherbergi, séreldhús eða eldunaraðstöðu, sérsnyrtingu og baðaðstöðu.

- ⇒ Hafi atvinnhúsnæði verið breytt í íbúðarhúsnæði með lögmaetum hætti og teljist það íbúðarhúsnæði samkvæmt opinberri skráningu er ekkert því til fyrirstöðu að leigjendur geti notið réttar til húsnæðisbóta.
- ⇒ Sé atvinnuhúsnæði hins vegar leigt út til íbúðar er ekki gert ráð fyrir að réttur til húsnæðisbóta sé til staðar en ekki er um nýmæli að ræða.
- ⇒ Reglan um að réttur til húsaleigubóta sé ekki til staðar þegar um er að ræða húsnæði sem ætlað er til annarra nota en íbúðar en er leigt til íbúðar að öllu leyti eða hluta hefur verið í lögum um húsaleigubætur allt frá því að fyrstu lög þess efnis tóku gildi árið 1994.

#### 10. gr. Undanþága frá skilyrðum um búsetu.

Úr umsögn:

„Barn telst vera heimilismaður hjá báðum foreldrum sínum eða forsjáraðilum. Í frumvarpinu er komið inná tilvik þar sem barn telst til heimilismanna á tveim stöðum. Samkvæmt ákvæðum lögheimilislaga getur enginn átt lögheimili á tveim stöðum. Hvað þetta varðar er vísað til umfjöllunar í skýrslu um tvöfalda búsetu barna. Gæta þarf að samræmi og samráði þegar fjallað er um þennan málaflokk þar sem Þjóðskrá Íslands bæði skráir upplýsingar um lögheimili, forsjá og foreldra barna. Eðlilegra væri að hægt væri að sækja þessar upplýsingar til Þjóðskrár Íslands þar sem upplýsingar úr Þjóðskrá eru notaðar. Oft er um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar og því væri æskilegt að upplýsingarnar væru ekki á mörgum stöðum. Lagt til að þetta ferli verði einfaldað svo tryggt verði að skráning verði miðlæg og á einum stað og ákvarðanir byggist á þeirri skráningu til þess að tryggja samræmi í ákvörðunum opinberra aðila. Þjóðskrá Íslands er sú stofnun sem ávallt á að hafa réttar upplýsingar um fyrirkomulag forsjár bama hverju sinni. Ef einstaklingar eiga að upplýsa framkvæmdaraðila um breytingar á forsjá eða umgengni þá er hætt við að hann sé ekki ávallt með nýjustu upplýsingar, ennfremur geta komið upp tilvik þar framkvæmdaraðilinn gæti haft upplýsingar um breytingar á forsjá sem Þjóðskrá Íslands hefur ekki fengið í sínar hendur. Þetta getur orsakað misræmi með tilheyrandi óþægindum fyrir umsækjanda sem og þær stofnanir sem eiga í hlut. Þjóðskrá Íslands heldur og rekur þjóðskrá sem er ein af grunnskram samfélagsins og er hún gríðarlega útbreidd hérlandis. Í þjóðskrá eru þær upplýsingar um einstaklinga sem aðrar stofnanir samfélagsins nota sem grundvöll ákvarðanatöku sinnar um réttindi og skyldur einstaklings. Þjóðskrárkerfinu er ætlað að uppfylla þarfir þjóðfélagsins til þess að fá upplýsingar um íbúa þess og auðkenningu þeirra (nafn, persónuauðkenni, þjóðerni o.s.frv.), upplýsingar um fjölskyldutengsl (hjúskaparstöðu, börn o.s.frv.) og um búsetu. Með skráningu í þjóðskrá eru einstaklingi tryggð ákveðin réttindi og jafnframt ber hann ákveðnar skyldur sem leiðir af skráningu hans. Það er því mjög mikilvægt allar skráningar sem hafa áhrif á réttarstöðu einstaklings séu skráðar á einn stað og tryggt sé að nýjustu upplýsingar um einstakling liggi fyrir. Það að skrá ólíka þætti er varða réttarstöðu einstaklings hjá ólíkum aðilum bíður upp á hættu á misræmi og einnig misnotkun á opinberum stuðningi. Er því lögð rík áhersla á þær upplýsingar er lúta að skráningu vensla við foreldra, forsjá og skráning einstaklinga niður á íbúðir verði miðlæg skráning í þjóðskrá. Leggja þarf mat á kostnað við að gera umræddar breytingar á þjóðskrárkerfinu til að bæta þessum skráningarupplýsingum við þjóðskrána.“

- ⇒ Í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir að barn eigi lögheimili á tveimur stöðum, þ.e. hjá báðum foreldrum eða forsjáraðilum, heldur er einungis gert ráð fyrir að barnið geti talist til heimilismanna í skilningi frumvarpsins á tveimur stöðum, og þar með verði tekið tillit til þess við útreikning húsnæðisbóta, að þeim skilyrðum uppfylltum að barnið dvelji hjá foreldrinu eða forsjáraðilanum í að lágmarki 30 daga á ári samkvæmt samningi um umgengni sem sýslumaður hefur staðfest, sbr. 5. mgr. 46. gr. barnalaga, úrskurði sýslumanns um umgengni skv. 47. gr. eða 47. gr. a sömu laga, dómi eða dómsátt.
- ⇒ Ákvæðið byggir á því að fyrir liggi samningur um umgengni staðfestur af sýslumanni, úrskurður sýslumanns um umgengni, dómur eða dómsátt. Þannig er ekki nægilegt að fyrir liggi einungis „einkaréttarlegur“ samningur á milli foreldra eða forsjáraðila barns um umgengni. Verður að ætla að opinberir gerningar um umgengni, þ.e. samningur um umgengni sem staðfestur er af sýslumanni, úrskurður, dómur og dómsátt, séu skráðir hjá hinu opinbera og því er ekki í

frumvarpinu gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili haldi skrá yfir aðrar upplýsingar en þegar eru skráðar hjá hinu opinbera að þessu leyti.

#### 15. gr. frv. Heimild til upplýsingaöflunar.

Úr umsögn:

„Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins er framkvæmdaraðila heimilt að fengni skriflegu samþykki að afla upplýsinga frá Þjóðskrá Íslands sem og fleiri aðilum. Það er mat Þjóðskrár Íslands að það komi fram með skýrum hætti í frumvarpinu hvaða gögnum hverjum og einum beri að skila til framkvæmdaraðila óski hann eftir þeim. Jafnframt að umsækjandi og öðrum heimilismönnum verði greint með skýrum hætti hvaða gögn framkvæmdaraðili hyggst óska eftir svo hægt verði að meta umsókn um húsnæðisbætur. Slík framkvæmd yrði þá til samræmis við góða stjórnsýslu. Í athugasemdum við lagafrumvarpið um 15. gr. segir að framkvæmdaraðila sé heimilt eftir að samþykki umsækjanda liggur fyrir að óska eftir gögnum frá þeim aðilum sem fram koma í frumvarpinu. Er hér helst átt við gögn eins og afriti af þinglýstum leigusamningi frá sýslumönnum o.s.frv. Er þetta gert til þess að fækka þeim fylgigögnum sem umsækjandi þarf að skila inn með umsókn sinni um húsnæðisbætur. Þjóðskrá Íslands tekur heilshugar undir þessa breytingu.

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins er framkvæmdaraðila heimilt að óska eftir gögnum á því formi sem hann óskar eftir sbr. þó 2. másl. 1. mgr. 18. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu. Hvað þetta varðar þarf að huga að því hvort breyta þarf afhendingarmáta upplýsinga frá Þjóðskrá Íslands sem getur verið gífurlega kostnaðarsamt, þ.e. að ráðast í breytingar á vottorðum, eyðublöðum og kerfum til að mæta kröfum framkvæmdaraðila. Það ætti að kappkosta að afhending upplýsinga fari einnig fram á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt og ætti því að veita Þjóðskrá Íslands heimild til að kveða á um afhendingarmáta eftir því sem hagkvæmast er á hverjum tíma. Vitaskuld er þar horft til rafrænnar afhendingar gagna.

Í greininni er áskilið að framlögð gögn séu endurgjaldslaust sbr. þó ákvæði laga um þjóðskrá og almannaskrá um meiriháttar verk. Ekki er að finna nánari skilgreiningu í frumvarpinu um hugtakið „meiriháttar verk“.

Þjóðskrá Íslands vill vekja athygli á því að gjaldfrelsi það sem hér er mælt fyrir um og byggir á tilvísun til 18. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, mun hafa í för með sér gífurleg áhrif á afkomu Þjóðskrár Íslands og er nauðsynlegt að taka tillit til slíkra þátta við mat á kostnaðaráhrifum frumvarpsins. Sá hluti starfsemi Þjóðskrár Íslands sem lýtur að rekstri almannaskráningar og þar með þjóðskrárkerfinu hefur verið rekinn með halla til fjölda ára og má ekki við frekari tekjuskerðingu. Þjóðskráin er í dag fjármögnuð að stórum hluta með sölu upplýsinga úr skránni. Er þá ótalinn kostnaður við framþróun þjóðskrár til þess að mæta brýnum kröfum samfélagsins. Auk þess þarf að líta til þess hvaða breytingar Þjóðskrá Íslands þarf að gera á kerfum sínum til þess að geta uppfyllt ákvæði frumvarpsins varðandi skráningu og aðgang að gögnum. Enn fremur er rétt að vekja athygli á að lög um þjóðskrá og almannaskráningu eru skrifuð meira en 30 árum áður en tölvuvæðing þjóðskrár hófst og eru lög lönngu úr sér gengin og ekki í takt við kröfur samfélagsins um skráningu, miðlun og vernd viðkvæmra persónuupplýsinga.“

- ⇒ Framangreind athugasemd lýtur að mestu leyti að lögum um þjóðskrá og almannaskráningu sem heyra undir málefna svið innanríkisráðherra.
- ⇒ Í 2. másl. 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins er vísað til þess að almennt skuli veita framkvæmdaraðila upplýsingar skv. 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins án endurgjalds. Hins vegar er jafnframt vísað til 2. másl. 1. mgr. 18. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu þar sem mælt er fyrir um að sé um að ræða meiri háttar verk geti Þjóðskrá Íslands krafist þess að henni sé endurgreiddur kostnaður við það. Þar sem um er að ræða tilvísun til annarra laga þótti ekki þörf á að skilgreina hvað teljist til meiriháttar verka heldur ræðst það af túlkun laga um þjóðskrá og almannaskráningu.

### 23. gr. frv. Eftirlit.

Úr umsögn:

„Eftirlit um að skilyrði til húsnæðisbóta séu til staðar er á hendi framkvæmdaraðila. Þjóðskrá Íslands lýsir yfir áhyggjum sínum þegar framkvæmdaraðili þarf að meta framlögð gögn sem ekki er hægt að sannreyna í skráum Þjóðskrár Íslands. Er því ítrekuð sú nauðsyn að ávallt sé stuðst við nýjustu skráningu í þjóðskrá.“

⇒ Gert er ráð fyrir að við afgreiðslu umsókna og eftirlit samkvæmt frumvarpinu styðjist framkvæmdaraðili ávallt við þá skráningu sem fyrir liggur í þjóðskrá þegar slík skráning liggur fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til að réttur til húsnæðisbóta sé til staðar.

### **Öryrkjabandalag Íslands.**

Tekju- og eignaviðmið hækki árlega í samræmi við vísitölu neysluverðs. Hækkun frítekjumarka.

Úr umsögn:

„Lagt er til að eftirfarandi ákvæði verði sett inn í frumvarpið:

Grunnfjárhæð húsnæðisbóta og fjárhæðir frítekju- og eignamarka skulu í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils.“

⇒ Að mati ráðuneytisins er æskilegt að framangreindar fjárhæðir komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála og að ráðherra sé falið að kveða á um slíkar breytingar með reglugerð, líkt og lagt er til í frumvarpinu.

Úr umsögn:

„Frítekjumörk, reiknistuðlar og grunnfjárhæðir í frumvarpinu eru of lágar. Frítekjumörkin fyrir einstakling skv. frumvarpinu eru 2.700.000 kr. (heildarárstekjur) eða um 150.000 kr. hærri en tekjuviðmið í núverandi húsaleigubótakerfi og voru ekki hækkuð við endurflutning frumvarpsins. Þessar viðmiðanir sem og reiknistuðlar fyrir fjölda heimilismanna (sjá umfjöllun um 16. gr. frumvarpsins) þyrftu að hækka umtalsvert til að húsnæðisstuðningur við tekjulága leigjendur hækki að raungildi.“

⇒ Velferðarráðuneytið vinnur að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við framangreinda athugasemd.

Skylda sveitarfélaga til að veita sérstakar húsaleigubætur.

Úr umsögn:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi hvað varðar sérstakar húsaleigubætur. Sveitarfélögunum er því áfram í sjálfsvald sett hvort þau greiða þær eða ekki. Væntingar ÖBÍ stóðu til þess að réttur einstaklinga til sérstakra húsaleigubóta, til viðbótar við húsnæðisbætur, yrði lögfestur. Með því móti yrði tryggt jafnræði íbúa landsins óháð því í hvaða sveitarfélagi viðkomandi býr og óháð búsetuformi eða því hver leigusali er. Sérstakar húsaleigubætur eru mikilvægur stuðningur við leigjendur sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og knöpp lífskjör. Ef hópur þeirra sem fær sérstakar húsaleigubætur er greindur eftir atvinnustöðu eru örorkulífeyrisþegar langsamlega stærsti hópurinn eða 37,6% samkvæmt skýrslu um útgreiðslu húsaleigubóta.“

⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga (bls. 4).

Litið til tekna ungmenna sem eru eldri en 18 ára.

Úr umsögn:

„Í núgildandi lögum um húsaleigubætur eru tekjur barna umsækjenda sem eru 20 ára og eldri meðtaldar við útreikning. Í frumvarpinu er lagt til að miða við tekjur og eignir ungmenna við 18 ára aldur, sem er afturför. Lita skal til þess flest börn eru í framhaldsskóla til 20 ára aldurs.“

Tillaga: Lagt er til að húsnæðisbætur verði greiddar áfram þar til börn og ungmenni, sem eru án vinnu og búa hjá öðru foreldri eða báðum, hafi náð 25 ára aldri, samanber skilgreiningu á börnum á heimili (e. dependent children) sem EUROSTAT og Hagstofa Íslands notar.“

- ⇒ Innan gildandi húsaleigubótakerfis er miðað við að tekjur barna umsækjanda 20 ára og eldri komi til lækkunar á húsaleigubótum en þó séu tekjur barna umsækjanda sem stunda skólanám í sex mánuði eða lengur á árinu undanskildar.
- ⇒ Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að tekjur allra heimilismanna, 18 ára og eldri, komi til lækkunar á húsnæðisbótum en í því sambandi var litið til þess að barn verður lögráða við 18 ára aldur og lýkur þá framfærsluskyldu foreldra með barninu. Var einnig litið til þess að í frumvarpinu er komið til móts við þær aðstæður þegar barn eldra en 18 ára býr áfram á heimili foreldra sinna eftir 18 ára aldur, eftir atvikum á meðan það stundar nám, með því að frítekjumörk hækka í samræmi við fjölda allra heimilismanna. Frítekjumörk samkvæmt frumvarpinu eru því hærri en í gildandi húsaleigubótakerfi en til samanburðar má nefna að húsaleigubætur lækka séu tekjur heimilisins hærri en 2.550.000 kr. á ári og eru þau frítekjumörk óháð fjölda heimilismanna.
- ⇒ Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir að heimilismenn, 18 ára og eldri, haldi áfram að hafa áhrif á grunnfjárhæð húsnæðisbóta á sama hátt og þeir gerðu þegar þeir voru yngri en 18 ára. Húsaleigubætur innan gildandi kerfis lækka hins vegar þegar barn nær 18 ára aldri þar sem sá hinn sami hættir að teljast með sem barn við útreikningana. Grunnfjárhæð húsaleigubóta er 17.500 kr. á mánuði en við þá fjárhæð bætast 14.000 kr. vegna fyrsta barns, 8.500 kr. vegna annars barns og 5.500 kr. vegna þriðja barns. Af þessu fyrirkomulagi húsaleigubóta leiðir að foreldrar barna 18 ára og yngri eiga rétt á hærri húsaleigubótum en þeir sem eru með eldri börn sín á heimilinu eða eru barnlausir. Í frumvarpi til laga um húsnæðisbætur er hins vegar gert ráð fyrir að grunnfjárhæðir taki mið af fjölda heimilismanna, óháð aldri.

Mat á því hvort einstaklingur búi sannanlega þar sem hann er með skráð lögheimili.

Úr umsögn:

„Framkvæmdaraðila er skv. frumvarpinu ætlað að meta hvort einstaklingur/umsækjandi búi sannanlega þar sem hann er með skráð lögheimili. Hvergi kemur fram hvernig mat á því hvar viðkomandi búi sannanlega eigi að fara fram. Ákvörðunarvald um lögheimili og skráningu í sambúð er hjá Þjóðskrá Íslands skv. núgildandi lögum. Þjóðskrá er það stjórnvald sem best er til þess fallið að taka slíkar ákvarðanir. Enginn sérstakur rökstuðningur er færður fyrir því í athugasemdum frumvarpsins hvers vegna lagt er til að framkvæmdaaðili fái slíkt ákvörðunarvald. Þvert á móti er gagnrýnivernt að stjórnvaldi er veitt vald til þess að leggja upp forsendur ákvörðunar og taka þær í sömu málum.“

- ⇒ Í frumvarpinu er gengið út frá því að heimilismenn eigi skráð lögheimili í viðkomandi íbúðarhúsnæði. Hins vegar er gert ráð fyrir að bendi eitthvað til þess að einstaklingur búi ekki í íbúðarhúsnæðinu dugi lögheimilisskráning ekki ein og sér.
- ⇒ Í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins er tekið dæmi um son eða dóttur sem enn er með skráð lögheimili hjá foreldrum sínum á meðan viðkomandi dvelst erlendis við nám, sbr. 9. gr. laga um lögheimili. Með hliðsjón af skilyrði frumvarpsins um búsetu getur viðkomandi þá ekki talist sem heimilismaður í íbúðarhúsnæðinu sem foreldrar hans/hennar leigja þar sem hann eða hún býr þar sannanlega ekki enda þótt viðkomandi eigi þar skráð lögheimili. Er í raun ekki verið að vísa til þess að framkvæmdaraðili hafi ákvörðunarvald um lögheimili heldur kunni betri gögn og jafnvel nýlegri að sýna að viðkomandi búi ekki á skráðu lögheimili sínu og geti því ekki talist heimilismaður þar. Vilji umsækjandi eða annar heimilismaður ekki una ákvörðun framkvæmdaraðila þar um er honum heimilt að kæra þá ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

5. gr. frv. Framkvæmdaraðili.

Úr umsögn:

„Í umræðunni hefur verið rætt um að vaxta- og húsaleigubætur verði sameinaðar í eitt kerfi húsnæðisbóta. Í frumvarpinu er lagt til að það verði ekki gert að svo stöddu. Því er spurt hvort ekki hafi komið til álita að húsnæðisbætur, eins og vaxtabætur, eigi að heyra undir ríkisskattstjóra.“



⇒ Sjá umfjöllun hér að framan um framkvæmdaraðila (bls. 3).

#### 8. gr. frv. Greiðsla húsnæðisbóta til „samleigjenda“.

Úr umsögn:

„ÖBÍ tekur undir athugasemd við 10. gr. fyrra frumvarpsins í umsögn Leigjendaaðstoðar Neytendasamtakanna (dags.14.8.2015) um að farsælast væri að allir aðilar að húsaleigusamningi/ meðleigjendur geti valið að sækja um húsnæðisbætur, hver og einn fyrir sig. Það getur skapað margvísleg vandamál ef einn aðili á að skipta húsnæðisbótum á milli meðleigjenda. Enn fremur er sanngjarnt og eðlilegt að hver og einn geti valið að vera metinn út frá sínum eigin en ekki samanlögðum tekjum.“

⇒ Sjá sérstakt minnisblað um þetta atriði.

#### 9. gr. frv. Skilyrði húsnæðisbóta.

Úr umsögn:

„ÖBÍ leggur til þá breytingu á frumvarpinu að meðleigjendur eigi val um að sækja um hver í sínu lagi. Með því móti er réttur einstaklingsins virtur og sú ábyrgð er ekki lögð á umsækjendur að nauðsynlegar upplýsingar frá meðleigjendum liggi fyrir hverju sinni.“

ÖBÍ tekur undir athugasemdir í umsögn Leigjendaaðstoðarinnar við fyrra frumvarpið við c) lið ákvæðisins. Í hópi lífeyrisþega eru ófáir einstaklingar sem búa einir og leigja herbergi, þar sem þeir hafa einfaldlega ekki efni á öðru húsnæði. Vandséð er hvers vegna þessi hópur er undanskilinn rétti til húsnæðisbóta, auk þess sem það er í ósamræmi við markmið laganna um að lækka húsnæðiskostnað til efnaminni leigjenda. Húsnæðisbætur til þessa hóps gætu verið lægri, enda ódýrara að leigja herbergi en íbúð.

Jákvætt er að taka út skilyrði um að skyldleiki leigusala og leigjenda geti komið í veg fyrir að leigjandi geti átt rétt á húsnæðisbótum.“

⇒ Sjá sérstakt minnisblað um þetta atriði.

#### 10. gr. frv. Undanþága frá skilyrðum um íbúðarhúsnæði.

Úr umsögn:

„Jákvætt er að fallið er frá skilyrði um að nám sé stundað í öðru sveitarfélagi og að undanþágur frá skilyrðum um búsetu sem fram koma undir lið a), b) og c) séu lögfestar.“

Í 2. mgr. ákvæðisins er ennfremur að finna jákvæða breytingu frá núgildandi lögum, um að foreldrar eða forsjáraðilar, sem ekki búa saman, geti átt rétt á húsnæðisbótum vegna barns, að uppfylltum skilyrðum um lágmarkstíma á ári. Mikilvægt er að koma til móts við foreldra sem hafa farið á mis við húsnæðisstuðning sökum þess að lögheimili barns er skráð hjá hinu foreldrinu.“

#### 15. gr. frv. Heimild til upplýsingaöflunar.

Úr umsögn:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að húsnæðisstuðningur verði ekki greiddur fyrr en skriflegt samþykki umsækjanda um öflun upplýsinga liggi fyrir. Ekki verður séð hvers vegna slíkt ákvæði er talið nauðsynlegt þegar hægt er að fá niðurstöðu með öðrum hætti. Einfaldasta leiðin gæti verið sú að hafa útgreiðslur á hendi rikisskattstjóra og byggja upp kerfið með sama hætti og vaxtabótakerfið.“

⇒ Í ljósi þess að um er að ræða persónuupplýsingar þykir afar mikilvægt með hliðsjón af 1. tölul. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, að skriflegt samþykki (umboð) umsækjanda liggi fyrir áður en framkvæmdaraðili aflar þeirra. Gert er ráð fyrir að umsækjandi veiti samþykki (umboð) fyrir upplýsingaöflun um leið og hann sækir um húsnæðisbætur.

#### 16. gr. frv. Grunnfjárhæðir húsnæðisbóta og stuðlar.

Úr umsögn:

„Í skýrslu vinnuhóps um húsnæðisbætur á vegum velferðarráðuneytisins er meðal annars að finna reiknistuðla, sem sýna hvernig húsnæðiskostnaður þróast með fjölda heimilismanna. Við gerð stuðlanna nýtti vinnuhópurinn samræmda skilgreiningu Eurostat á heildarhúsnæðiskostnaði og gögn úr lífskjararannsókn Hagstofu Íslands. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að „lagt er til að húsnæðisbætur taki mið af þeim stuðlum“, þ.e. ofangreindum stuðlum úr skýrslu vinnuhópsins. Stuðlarnir í frumvarpinu fyrir heimili með fleiri en einn einstakling eru hins vegar lægri en stuðlarnir sem vinnuhópurinn reiknaði út.“

„Reiknistuðlar húsnæðisbóta, sem vinnuhópur um húsnæðisbætur lagði fram, byggja á útreikningum á kostnaðarþróun heimila eftir fjölda heimilismanna. Í frumvarpinu er hins vegar ekki varpað ljósi á það út frá hvaða útreikningum stuðlarnir eru útbúnir eða ákvarðaðir eða hvaða gögn liggja hér að baki. ÖBÍ sendi því fyrirspurn til velferðarráðuneytisins í júní sl. um útreikning reiknistuðlanna í frumvarpinu. Í svarbréfi velferðarráðuneytisins, dags. 17. nóvember 2015, segir að með hliðsjón af því fjármagni sem til var að dreifa í umræddum málaflokki þótti ekki fært að fara að öllu leyti eftir þeim stuðlum sem lagðir voru til í skýrslu vinnuhóps um húsnæðisbætur.“

„Til að koma til móts við hlutfallslega hærra húsnæðiskostnað heimilis þegar fleiri búa saman þarf því að hækka stuðlana fyrir fjölda heimilismanna umfram einn, sbr. útreikninga vinnuhóps um húsnæðisbætur.“

⇒ Varðandi athugasemd um hækkun stuðla er rétt að taka fram að velferðarráðuneytið vinnur að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við athugasemdina.

#### 17. gr. frv. Tekjuskerðingarmörk.

Úr umsögn:

„Frumvarpið er endurflutt án þess að gera ráð fyrir hækkun frítekjumarka, sem eru áfram 2.700.000 kr. í árstekjur eða 225.000 kr. á mánuði og án þess að hækka grunnfjárhæð (372.000 kr. á ári eða 31.000 kr. á mánuði). Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál frá 28.5.2015, segir að húsnæðisbætur, þ.e. grunnfjárhæð og frítekjumark verða hækkaðar á árunum 2016 og 2017, en þær hækkanir koma ekki fram í frumvarpinu.

Frítekjumörkin eru 225.000 kr. á mánuði eða um 20 þús. kr. undir lágmarkslaunum sem samið var um á árinu 2015. Ef taka ætti mið af umsömdum lágmarkslaunum þyrfti frítekjumark fyrir einstakling að vera 3.120.000 kr. fyrir árið 2016 að viðbættum orlofs- og desemberuppbótum. Auk þess er vert að geta þess að tekjur lægsta tekjufimmtungs fyrir árið 2014 var um 280.000 kr. sem sýnir enn og aftur hvað frítekjumarkið er lágt.

Frítekjumörkin eru enn fremur það lág að lífeyrisþegar, sem eru eingöngu með lífeyri almannatrygginga sér til framfærslu, myndu fá skertar húsnæðisbætur, sbr. dæmin hér að neðan sem sýna breytingar á húsnæðisstuðningi á árinu 2016 ef frumvarpið yrði að lögum óbreytt. Dæmin eru reiknuð út frá heildartekjum á árinu 2016 og að ekki sé tekið tillit til fjölda heimilismanna sbr. 31. gr. frumvarpsins (Gildistaka). Í útreikningum í frumvarpinu var hins vegar reiknað út frá árstekjum 2015. Undir lífeyrisþegi falla elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar.“

*Sjá dæmi í umsögn.*

„Tillaga:

Til þess að raunverulega verði komið til móts við efnaminni leigjendur er lagt til að frítekjumark sé ekki lægra en 300.000 kr. og að húsnæðisbætur falli niður við svipaða upphæð og er í núverandi kerfi (við árstekjur 5.850.000 kr. eða 487.500 kr.) fyrir einstakling. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að húsnæðisstuðningur fyrir einstakling falli niður við árstekjur í kringum 7.330.000 kr. (rúmar 610 þús á mánuði). Forgangsráða ætti frekar í þágu þeirra sem þurfa þess með að fá þennan stuðning.“

- ⇒ Velferðarráðuneytið vinnur að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við framangreinda athugasemd.

#### Breyting á skilgreiningu á tekjum.

Úr umsögn:

„Ljóst er að sú breyting að allar skattskyldar tekjur heimilismanna 18 ára og eldri teljist til tekna og hafa áhrif á útreikning húsnæðisbóta mun koma illa við marga lífeyrisþega. Í frumvarpinu er sú breyting rökstudd með því að aðrar greiðslur opinberra kerfa sem ætlaðar eru til framfærslu teljist til tekna (s.s. atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga) og að breytingin sé gerð til að gæta jafnræðis.

Ofangreind breyting mun leiða til þess að tekjur skerða grunnfjárhæðir húsnæðisbóta til lífeyrisþega á leigumarkaði, sbr. dæmin hér að ofan, einnig þeirra sem eru með tekjur við framfærsluviðmið TR. Rannsóknir sýna að kjör þessa hóps eru oft á tíðum mjög bágborin og því mun þessi breyting koma illa við hópinn. Hér er enn og aftur jafnað niður á við. Í stað þess að finna leiðir til að efla stuðning við einstaklinga og fjölskyldur sem þurfa að treysta á atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sér til framfærslu og eru á leigumarkaði, eru tekjutengingar auknar hjá lífeyrisþegum með þeim formerkjum að gæta jafnræðis þessara hópa. Í því sambandi er rétt að geta þess að stada þessara hópa er um margt ólík. Annars vegar er um að ræða úrræði sem er ætlað að vera tímabundin (s.s. atvinnuleysisbætur) og tímabundin neyðarúrræði (fjárhagsaðstoð sveitarfélaga). Hins vegar er um að ræða lífeyrisþega sem eru með framfærslu til lengri tíma, sem vegna aldurs eða afleiðinga sjúkdóma og slysa eru utan vinnumarkaðar eða með lágar atvinnutekjur.“

- ⇒ Í þeim fjölskipuðu nefndum sem hafa fjallað um nýtt húsnæðisbótakerfi var breið samstaða um að eðlilegt væri að líta á tekjur almannatrygginga með sama hætti og aðrar tekjur, svo sem fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og atvinnuleysisbætur, enda um skattskyldar tekjur að ræða.
- ⇒ Að því er varðar áhrif framangreindrar breytingar á húsnæðisstuðning til þeirra sem njóta greiðslna á grundvelli laga um almannatryggingar vinnur velferðarráðuneytið nú að tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur til að koma til móts við athugasemdina.

#### Áhrif húsnæðiskostnaðar á grunnfjárhæðir húsnæðisbóta.

Úr umsögn:

„Í frumvarpinu er lögð til sú jákvæða breyting að húsnæðisbætur geti numið að hámarki 75% af húsnæðiskostnaði (leiguverði), en í núgildandi lögum er hlutfallið 50%.“